

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Heimspeki

Ógöngur réttlætisins

Gagnrýni á ofbeldi yfirvalda

Ritgerð til BA í heimspeki

Elínborg Harpa Önundardóttir

Kt.: 100993-3179

Leiðbeinandi: Björn Þorsteinsson

Máí 201

Ágrip

Í þessari ritgerð er samband laga, réttlætis og ofbeldis skoðað í þeim tilgangi að varpa ljósi á hvernig beiting líkamlegs ofbeldis, eða hótun um slíka valdbeitingu, er undirstaða allra yfirvalda. Munurinn á lögmæti og réttlæti er dreginn fram og greindur með hliðsjón af textum eftir heimspekingana Jacques Derrida og Walter Benjamin. Þá er sérstaklega rýnt í aðför lögreglu yfirvalda að flóttamanninum Eze Okafor sem fluttur var nauðugur úr landi í maí 2016. Einnig er gerð tilraun til greiningar á merkingunni sem fólst í róttækum aðgerðum tveggja aðgerðasinna sem handteknar voru eftir að hafa reynt að hindra brottflutning Eze á ólögmætan hátt. Þær voru handteknar þrátt fyrir að aðgerðir þeirra hafi kannski verið í þágu réttlætisins.

Í fyrri hluta ritgerðarinnar eru helstu hugmyndir í texta Benjamins reifaðar, meðal annars hvernig ofbeldi bindur saman löggjöf og löggæslu. Þetta ofbeldi er ógnandi, hótar viðurlögum og getur því ekki verið réttlátt. Í seinni hluta ritgerðarinnar er umfjöllun Jacques Derrida um réttlætið skoðuð, en hann segir að afbygging sé réttlæti. Í lokin eru hugmyndir Benjamins og Derrida hnýttar saman til að sýna fram á með hvaða máta borgaraleg óhlýðni, sem róttækt andóf við ríkjandi kerfi, getur verið svar við brýnu kalli réttlætisins.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	5
1. KAFLI „SÉ RÉTTLÆTI VIÐMIÐ MARKMIÐA, ER RÉTTMÆTI VIÐMIÐ LEIÐA.“	8
1.1 NÁTTÚRURÉTTUR OG VILDARRÉTTUR.....	8
1.2 LÖGGJAFAR- OG LÖGGÆSLUOFBELDI.....	11
1.3 GOÐSAGNAKENNT OFBELDI.....	14
1.4 NAKIÐ LÍF OG GUÐDÓMLEGT OFBELDI.....	15
2. KAFLI: FULL-KOMIÐ RÉTTLÆTI	21
2.1 AFBYGGING OG VALD LAGANNA	21
2.3 APORÍA	25
3. KAFLI - LOGOS	28
LOKAORÐ	32
HEIMILDASKRÁ	34

Inngangur

Að morgni 26. maí 2016 stóðu tvær konur upp úr sætum sínum í flugvél Icelandair, sem staðsett var á Keflavíkurflugvelli um það bil að leggja af stað til Stokkhólms, og neituðu að setjast aftur. Athæfið leiddi til þess að konurnar voru handteknar og settar í fangageymslu. Ástæða kvennanna fyrir gjörningnum var sú að verið var að flytja vin þeirra Eze Okafor, flóttamann frá Nígeríu, nauðugan úr landi, en sá var í sömu vél ásamt tveimur lögreglumönnum. Samkvæmt lögmanni Eze átti brottvísunin sér ekki grundvöll í lögum.¹ Lögreglumenn beittu valdi í nafni ríkisins til að flytja hann af heimili sínu og upp í flugvél, en vitni segja meðferð lögreglunnar á Eze hafa verið ómannúðlega og ofbeldisfulla, líkast því að verið væri að leiða mann til aftöku.² Í þessari andrá ofbeldisfullrar framkvæmdar ónefndra laga skapaði lögreglan lög um leið og hún taldi sig vera að framfylgja settum lögum. Það sama á við um meðferð lögreglunnar á konunum tveimur, Ragnheiði Freyju og Jórunni Eddu, en þær voru fjarlægðar úr vélinni með valdi og hlutu líkamlega áverka. Hér má lesa brot úr viðtali við konurnar þar sem aðförum lögreglu er lýst:

Við biðjum ítrekað um að okkur séu lesin réttindi okkar en það var ekki gert. Við báðum ítrekað um að fá að hringja í lögmennt okkar en fengum það ekki. Við báðum ítrekað um að fá að hringja í vandamann og láta vita af okkur en fengum það ekki. Við vildum fá að hitta lækni vegna þeirra áverka sem við urðum fyrir á meðan á handtökunni stóð en fengum það ekki. Þá voru réttindi okkar ekki lesin upp fyrir okkur, eins og gera á samkvæmt lögum, fyrr en klukkutíma eftir handtöku. Það leið síðan einn og hálfur klukkutími, eftir að hafa bankað á hurðina á fangaklefanum fjölmörgum sinnum, að við fengum að fara á klósettið.³

Segjum sem svo að brottvísun Eze Okafor hafi ekki verið ólögleg og að aðgerðir kvennanna hafi í raun og veru brotið sett lög, en þýðir það þá að ofbeldi lögreglunnar, sem er í grunninn ofbeldi yfirvalda, hafi verið réttmætt? Hvað þýðir það fyrir lýðræðisríki að (alræðis)vald á borð við lögregluna geti svo gott sem skapað lög eftir því sem hún telur viðeigandi og svo framfylgt þessum sömu lögum með ofbeldi? Og

¹ Paul Fontaine, „UTL Ignores Appeals Board, Deports Asylum Seeker Anyway“, *Reykjavík Grapevine* 25. maí 2016.

² Jón Bjarki Magnússon, „Hrópaði á Jesú á meðan hann var tekinn lögreglutaki“, *Stundin* 26. maí 2016.

³ Atli Már Gylfason, „Handteknar í flugvél: „Þeir voru að leika sér að því að meiða mig“, *Stundin* 26. maí 2016.

jafnvel þótt við neitum að fallast á óorðaða heimild lögreglunnar til að skapa lög, hvernig má þá réttlæta beitingu ofbeldis gagnvart einstaklingum þegar sama ofbeldi, framið af öðrum, er talið óréttmætt og ólöglegt? Svo kaldhæðnislegt sem það nú er þá lítur ríkið vafalaust á róttækar en friðsamlegar aðgerðir kvennanna sem ofbeldi, öfugt við aðferðir lögreglunnar. Sama átti við þegar lögreglan beitti kylfum og tárágasi á mótmælendur í Búsáholdabyltingunni eftir að nokkrir mótmælendur höfðu brotið skilti og hent málningu og eggjum í Alþingishúsið.

Beiting ofbeldis af hálfu yfirvalda hefur löngum verið talin réttmæt leið til að tryggja ákveðið öryggi innan ríkisins, öryggi (löghlýðinna) borgara, og telst slíkt vera réttlátt markmið. Rökin fyrir beitingu ofbeldis hljóða þá á eftirfarandi veg: „Fyrst stefnt er að réttlátu markmiði, er ofbeldi undir ákveðnum kringumstæðum réttlætandi sem leið að slíku markmiði.“ Óháð því hvort við teljum lokuð landamæri vera réttlátt markmið, á gagnrýnin skoðun á þessari rökfærslu fullan rétt á sér. Lögregluofbeldi er vissulega harðlega gagnrýnt víða um heim og oft rakið til spillingar innan lögreglunnar og/eða óréttlátra valdhafa, svonefndra harðstjóra og einræðisherra.⁴ En vandamálið nær dýpra en svo og þegar betur er að gáð má sjá að flestar deilur um uppruna, náttúru og tilgang nútímaríkisins snúast í raun um réttlætingu ofbeldis sem leið að markmiði. Er ofbeldi grundvöllur nútíma þjóðríkisins? Er ofbeldi það eina sem getur tryggt lög og stofnsett lög? Er fullvissa um réttlæti laga möguleg? Hvað gerist séu lög dæmd óréttlát af þeim sem eiga að lúta þeim? Og hvað ef löggjafarnir, valdhafar, beita almenning ofbeldi til að tryggja áframhaldandi framfylgingu ákveðinna laga? Væri ofbeldi það eina sem getur steipt þeim af stóli og komið á nýjum lögum? Ætti slíkt ofbeldi meiri rétt á sér en löggæsluofbeldi yfirvalda? Er til ofbeldi sem kallast gæti ofbeldi í nafni réttlætis? Eða missum við takið á réttlætinu um leið og gripið er til ofbeldis?

Í þessari ritgerð verður leitast við að svara spurningum sem þessum með hliðsjón af tveimur textum, einum eftir Walter Benjamin (1892-1940) og öðrum eftir Jacques Derrida (1930-2004). Texti Walters Benjamin var skrifaður 1921 og nefnist *Zur Kritik der Gewalt*, eða *Gagnrýni ofbeldis*, og hefur verið lýst sem „tilraun til að setja fram frumspekilegan grundvöll fyrir siðfræði byltingarkennds ofbeldis í ljósi bókar Geroges

⁴ Þó alltof oft viðgangist lögregluofbeldi með þöglu samþykki yfirvalda, sbr. fréttir um framkomu frönsku lögreglunar við flóttamenn undir lögaldri. M. Bulman, „Refugees beaten, abused and teargassed as they sleep by police in Calais, report warns“, *Independent*, 24. apríl 2017.

Sorel, *Réflexions sur la Violence*“.⁵ Gerð verður grein fyrir hugtökum Benjamins um löggjafarofbeldi og löggæsluofbeldi, sem leiðir því næst til umræðu um það sem Benjamin kallar goðsagnakennt ofbeldi og stillir upp á móti drungalegri hugmynd um guðdómlegt ofbeldi.

Árið 1994 kom út bók undir nafninu *Force de loi*, „*le Fondement mystique de l'autorité*“ eftir Jacques Derrida sem samanstendur af tveimur fyrirlestrum; „*Du droit à la justice*“, eða „Frá lögum til réttlætis/Um réttinn á réttlæti“, og „*Le prénom de Benjamin*“, „Fornafn Benjamins“, en í henni fjallar Derrida um fyrrnefnda ritgerð Walters Benjamin. Derrida fylgir fúslega framvindunni í hugsun Benjamins vel framan af ritgerðinni en þegar líða fer á textann myndast spennan varðandi réttlætið og möguleika þess. Derrida hikar andspænis hugmynd Benjamins um guðdómlegt ofbeldi og leyfir sér að fresta dómi hvað það varðar. Fyrir Benjamin birtist réttlætið þegar við lítum ekki til þess sem á eftir að koma, þegar við úthýsum hugsjón um réttlát markmið framtíðarinnar, réttlætið á sér stað í fullkomnu tillitsleysi gagnvart því sem koma skal. Fyrir Derrida aftur á móti er það sem á eftir að koma einmitt réttlæti. Óákvarðanleikinn í hinum dulræna uppruna laganna er möguleikinn á réttlæti. Benjamin reynir að stjórna óákvarðanleika laganna með því að lofa ráðandi nærveru þess guðdómlega á meðan Derrida sér óákvarðanleikann sem óleysanlegan, nauðsynlegan og óhjákvæmilegan þeirri aporía sem réttlætið er, réttlæti sem er alltaf á leiðinni.⁶

Byrjað verður á því að fjalla um ritgerð Benjamins, því næst verða hugmyndir Derrida um lög og réttlæti nýttar til nánari skoðunar á hugmynd Benjamins um guðdómlegt ofbeldi og að lokum verður möguleikinn á breytingum í átt til réttlætis reifaður í ljósi kenninga þessarra tveggja höfunda og hugtökum þeirra beitt til að varpa ljósi á mál Eze Okafor.

⁵ M. Brodersen, *Walter Benjamin: A Biography*, bls. 118.

⁶ Betur verður gerð grein fyrir hugtakinu aporía (fr. *aporie*) síðar í ritgerðinni.

1. kafli „Sé réttlæti viðmið markmiða, er réttmæti viðmið leiða.“

Gagnrýni ofbeldis er heimspeki sögu þess.⁷

1.1 Náttúruréttur og vildarréttur

Í 2. gr. I. kafla laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu má finna greinarmun á lögmætu og ólögmætu ofbeldi. Greinin tiltekur í upphafi að réttur hvers manns til lífs skuli vera verndaður með lögum, frá því eru þó nokkrar undantekningar:

„Þótt mansbani hljótist af valdbeitingu skal það ekki talið brjóta í bága við þessa grein ef valdbeitingin er ekki meiri en ýtrasta nauðsyn krefur:

a. til að verja menn gegn ólögmætu ofbeldi;

b. til að framkvæma lögmæta handtöku eða til að koma í veg fyrir flóttu manns sem er í lögmætri gæslu;

c. vegna löglegra aðgerða sem miða að því að bæla niður upphot eða uppreisn.“

Umfjöllunarefni okkar er ofbeldi, þá sérstaklega það löglega ofbeldi sem yfirvöld beita til að halda uppi röð og reglu í ríki sínu.⁸ Í ritgerð sinni *Zur Kritik der Gewalt* kveðst Walter Benjamin vilja setja fram gagnrýni á ofbeldi eða í það minnsta kanna möguleikann á slíkri gagnrýni. Hann færir rök fyrir því að oftast hafi gagnrýni á ofbeldi beinst að ofbeldi sem leið að markmiði, en ekki að ofbeldinu sjálfu. Til þess að geta gagnrýnt ofbeldi sem slíkt segir Benjamin að gera þurfi nákvæma grein fyrir sambandi ofbeldis við lög (þ. *Recht*) og réttlæti (þ. *Gerechtigkeit*), „[þ]ví að orsök, sama hversu áhrifarík hún er, verður því aðeins að ofbeldi þegar hún grípur inn í siðfræðilegar aðstæður“.⁹ Ofbeldið sem Benjamin talar um er þannig ofbeldi byggt á venslum, ofbeldi sem spilar inn í siðferðisleg og pólitísk samskipti manna. Það á einnig og kannski helst við um ofbeldi sem á upptök sín í lagakerfi ríkisins, í lagasetningu valdhafa. Það liggur í augum uppi að ritgerðarefni hans tekst á við svipaðar spurningar og reifaðar voru í innganginum.

Samkvæmt Benjamin á ofbeldi heima á sviði leiða en ekki markmiða. Ofbeldi er leið að markmiði og beiting þess er oftast réttlætt með því að vísa til réttmætis þeirra markmiða sem stefnt er að. Gagnrýnin beinist þá ekki beint að ofbeldinu heldur að markmiðunum sem ofbeldið þjónar sem leið að. Einnig er slíkri gagnrýni (á markmið) ætlað að láta í té viðmið um notkun ofbeldis við ákveðnar aðstæður, það er að segja hvar og hvenær er við hæfi að nota ofbeldi. Sé stuðst við réttmæti markmiða til að gagnrýna ofbeldi er spurningin um hvort ofbeldi geti yfirhöfuð talist siðferðislega

⁷ W. Benjamin, „Zur Kritik der Gewalt“, bls. 202.

⁸ Í þessari ritgerð nær merking orðsins ofbeldis einnig yfir það sem kallast kerfislægt ofbeldi (e. *structural violence*) sem felur ekki einungis í sér beina beitingu líkamlegs ofbeldis, heldur einnig hótun um beitingu þess. Sbr. D. Graeber, „Dead zones of the imagination: On Violence, bureaucracy and interpretative labor“, bls. 112.

⁹ W. Benjamin, „Zur Kritik der Gewalt“, bls. 179.

réttlætánlegt sem leið, skilin eftir án svars. Benjamin endar upphafsmálgrein ritgerðar sinnar á eftirfarandi staðhæfingu:

Til að geta skorið úr um þessa spurningu þarf enn nákvæmari mælikvarða, mælikvarða sem getur gert greinarmun innan sviðs leiðanna sjálfra, *án þess að horfa til þeirra markmiða sem þær þjóna*.¹⁰

Til þess að geta gagnrýnt löglegt ofbeldi er hjálplegt að gera grein fyrir tveimur helstu stefnum innan réttarheimspekinnar, náttúru rétti (þ. *Naturrecht*) og vildarrétti.¹¹ Náttúru réttur er hugtak í lögspeki sem á sér langa sögu, allt frá Forngríkkjum. Samkvæmt náttúru rétti eiga lög sem sett eru af mönnum að samsvara svokölluðum náttúrulegum en þau eru algild, eilíf og óbreytanleg vegna þess að þau búa í Guði, Náttúrunni og/eða Skynseminni. Náttúruleg eru réttlát og tilvist þeirra er örugg, óháð því hvort mannkynið viti af þeim eða ekki. Náttúruleg snúast um ákveðin gildi og eru manneskjuni augljós og aðgengileg í gegnum hlutdeild hennar í Skynsemi (Guðs eða Náttúrunnar). Þannig á maðurinn að geta nálgast þessi eilífu, algildu og sönnu gildi, réttlætið sjálft, í gegnum skynsemi sína og honum ber að skrifa lög sín eftir því. Lög sem ekki eru talin fylgja náttúrulegum ættu að dæmast ógild, óréttlát – ólög.¹²

Samkvæmt Benjamin viðheldur náttúru réttur sýn á ofbeldi sem eðlilegt og náttúrulegt atferli með því að líta á „notkun ofbeldisfullra leiða til að þjóna réttlátum markmiðum sem álíka vandkvæðalaus og það hvernig manneskja lítur á “rétt” sinn til að hreyfa líkama sinn í átt að þráðu takmarki“.¹³ Hann bendir á að almenn fylgispekt við náttúru rétt hafi hugsanlega komið í veg fyrir að spurningunni um ofbeldi yrði svarað. Náttúru réttur dæmir ráðandi lög eftir markmiðum þeirra og verður því látinn til hliðar um sinn.

Kenningar vildarréttar virðast henta mun betur þegar kemur að því að dæma leiðir yfirvalda. Segja mætti að slagorð hans sé „lög eru lög án tillits til verðleika þeirra“.¹⁴ Vildarréttur átti fyrst fylgi að fagna í skrifum 19. aldar heimspekinganna Jeremy Bentham og Johns Austin. Klassískur vildarréttur í anda Benthams og Austins vill lýsa

¹⁰ „Diese Frage bedarf zu ihrer Entscheidung denn doch eines näherem Kriteriums, einer Unterscheidung in der Sphäre der Mittel selbst, ohne Ansehung der Zwecke, denen sie dienen“. Sama rit, bls. 179, mín skáletrun.

¹¹ W. Benjamin, „Zur Kritik der Gewalt“, bls. 180.

¹² Hjördís Björk Hákonardóttir, „Um náttúru rétt“, *Tímarit lögfræðinga* 45 (4)/1995, bls. 248. Eins og Hjördís bendir á hefur náttúru réttur „ekki alltaf verið skilgreindur á sama hátt og hafa áherslurnar ekki alltaf verið hinar sömu“ (bls. 264). Grundvallarhugmyndin er þó sú sem Benjamin dregur fram, að til séu óbreytanleg, algild og *réttlát* markmið sem skuli stefna að.

¹³ W. Benjamin, „Zur Kritik der Gewalt“, bls. 180.

¹⁴ John Austin, *The Province of Jurisprudence Determined – and The Uses of the Study of Jurisprudence*, bls. 194. Hér vitnað eftir Hjördísi Björk Hákonardóttur, „Um náttúru rétt“, bls. 192.

lögnum á (raun)vísindalegan hátt sem samfélagsfyrirbæri. Í því fólst að benda á þá staðreynd að almennt teljast lög gild óháð því hvort þau teljist réttlát eða ekki. Þannig er gerður greinarmunur á siðferðislega réttum dómum og lagalega réttum dómum, á lögmæti og réttlæti. Um leið verður ljóst hvernig lög sem heimila gróft ofbeldi geta talist lagalega fullgild. Það sem máli skiptir varðandi gildi laga er hvernig þau verða til, þ.e.a.s. eftir hvaða leiðum þau eru stofnuð.¹⁵ Vildarréttur leggur því áherslu á að lög eru ávallt mannasetningar. Því er hægt að taka mið af sögulegum og samfélagslegum kringumstæðum sem stuðluðu að setningu ákveðinna laga. Þannig er áhersla lögð á tilvist nútíma ríkisvalds og lykilhlutverk þess í réttarkerfinu (í lagasetningu) um leið og ljósi er varpað á ofbeldi sem sögulega afurð og ekki endilega sem náttúrulegan eða eðlislægan eiginleika mannsins.

Benjamin kom auga á aðra gagnlega aðgreiningu innan vildarréttarkenningar sem er sögulega tilkomin aðgreining tveggja tegunda ofbeldis: leyfilegs og óleyfilegs ofbeldis (þ. *sanktionierten und nicht sanktionierten Gewalt*). Leyfilegt ofbeldi er ofbeldi sem búið er að „samþykkja“ að ríkið megi beita þá sem brjóta í bága við sett lög. Óleyfilegt ofbeldi er hins vegar ofbeldi annarra en yfirvalda.¹⁶ Benjamin kallar markmið sem fylgt er eftir með óleyfilegu ofbeldi náttúruleg markmið (þ. *Naturzwecke*) en hin, sem fylgt er eftir með leyfilegu ofbeldi, lögleg markmið (þ. *Rechtszwecke*). Lögleg markmið eru þau markmið sem lagakerfið reynir að ná fram alls staðar þar sem náttúrulegum markmiðum gæti hugsanlega verið framfylgt á skilvirkan hátt með ofbeldi.¹⁷ Lagaleg markmið verða einungis tryggð með valdi laganna, lagalegu ofbeldi (þ. *Rechtsgewalt*). Hér endurspeglast ágætlega tvíræðni þýska orðsins *Gewalt*, sem getur á nútímamáli merkt ofbeldi, styrkur, valdbeiting, þvingun, vald eða yfirráð. T.d. tala þjóðverjar um *Staatsgewalt* þegar vísað er til ríkisvaldsins. Heimspekingurinn Étienne Balibar segir tvíræðni orðsins meðal annars felast í því að það vísar til höfnunar á lögum og jafnrétti um leið og það vísar til framkvæmdar þeirra af hendi viðeigandi stofnana.¹⁸

¹⁵ Skúli Magnússon og Hafsteinn Þór Hauksson, „Klassískur vildarréttur: Valdboðskeningin um lögin“, 192-193.

¹⁶ W. Benjamin, „Zur Kritik der Gewalt“, bls. 182.

¹⁷ Áhugavert er að einstaklingsbundin markmið sem varða sérhagsmuni og framfylgt er á ofbeldisfullan eða ólöglegan hátt fá oft að standa óáreitt ef í þeim felst ekki bein ógn við hagsmuni löggjafa. Sem dæmi má nefna mafú og alþjóðleg stórfyrirtæki sem valta yfir mannréttindi með þöglu samþykki ýmissa stjórnvalda. Úr nærumhverfi okkar mætti jafnvel nefna ýmis dæmi sem nefnd hafa verið um atferli núverandi forsætisráðherra Íslands, Bjarna Benediktssonar. Sjá t.d. Jóhann Páll Jóhannsson, „Átta dæmi um ósannindi og villandi málflutning Bjarna Benediktssonar“, *Stundin*, 11. mars 2017.

¹⁸ É. Balibar, „Reflections on Gewalt“, bls. 101.

Lögreglan í dæminu úr inngangi þessarar ritgerðar beitti leyfilegu ofbeldi til að tryggja lögleg markmið, á meðan Eze, Ragnheiður Freyja og Jórunn Edda beittu óleyfilegu ofbeldi og ógnuðu með því yfirráðum laganna. Austin skilgreindi lög sem skipanir, en skipanir samkvæmt honum eru ekkert annað en viljayfirlýsingar þess sem hefur vald og getur hótað að beita þann ofbeldi sem gengur gegn tiltekinni viljayfirlýsingu.¹⁹ Valdbeiting og refsingar einkenna því lög og skilja þau frá öðrum reglum, einkum og sér í lagi siðferðisreglum. Samkvæmt Benjamin líta lög, það er löggjafarnir/valdhafarnir, á ofbeldi í meðförum einstaklinga sem hættu. Beiting þess er tilraun til að grafa undan lagakerfinu og þar með valdi löggjafanna.²⁰

1.2 Löggjafar- og löggæsluofbeldi

Tilvist hverskyns ofbeldis fyrir utan lög ógnar tilvist ríkjandi laga, jafnvel þegar það samræmist lokamarkmiðum þeirra sjálfra (t.d. bættum hag borgara), því í öllu ofbeldi felst tilraun til tortímingar ríkjandi löggjafarvalds. Þessu til skýringar nefnir Benjamin verkfallsrétt, en með verkföllum beitir verkafólk valdi, þ.e. ofbeldi, til að ná fram ákveðnum markmiðum, markmiðum sem beinast oft að bættum kjörum í formi lagabreytinga. Slíkur réttur hefur víða verið viðurkenndur í lögum ríkja en Benjamin telur að það sé aðferð laganna til að gera verkföllin bitlausari og minnka líkurnar á að það sem hann kallar hið byltingarkennda allsherjarverkfall brjótist út. Í aðstæðum hins byltingarkennda allsherjarverkfalls skynja valdhafar *löggefandi mynd ofbeldis* og koma fram við borgara sína af mikilli fjadsemi, oftast en ekki með beitingu ofbeldis. Annað dæmi um löggjafarofbeldi er þegar utanaðkomandi afl, þ.e. ríki eða annar aðili sem býr yfir hernaðarmætti, hefur hernað gegn ríkinu og sigrar. Sagan er full af dæmum um stríð þjóðríkja, keisaravelda og ættbálka sem enda með því að sigurvegarinn kemur á nýjum lögum. Í orðinu „friður“ sem andstæðu hugtaksins „stríð“ má ávallt greina *a priori* og nauðsynlegt samþykki nýrra aðstæðna sem nýrra „laga“, það er að segja samþykki á nýjum handhafa leyfilegs ofbeldis.²¹ Dæmi úr Íslandssögunni er þegar Íslendingar gengust Noregskonungi á hönd 1262 og þurftu að játast undir nýjan valdhafa og lög hans. Nútímalegra dæmi er kosningar þar sem meirihlutaræði er við lýði, en í slíkum kosningum bíður ákveðinn hópur ósigur og þarf að gangast við þeim

¹⁹ Skúli Magnússon og Hafsteinn Þór Hauksson, „Klassískur vildarréttur: Valdboðskenningin um lög“, bls. 198.

²⁰ W. Benjamin, „Zur Kritik der Gewalt“, bls. 182.

²¹ Sama rit, bls. 185.

breytingum eða reglugerðum sem sigurvegarar kosninganna koma á, þvert á óskir minnihlutans.²²

Ofbeldið sem ríkið beitir borgara sína undir yfirskini laganna kallar Benjamin löggæsluofbeldi (þ. *rechtshaltende Gewalt*) og stillir því upp á móti löggjafarofbeldi (þ. *rechthsetzende Gewalt*). Hann sýnir þó fljótt fram á að slík aðgreining er lítt marktæk í því að framkvæmd laganna (til dæmis af hendi lögreglunnar) máir út línuna á milli löggjafar- og löggæsluofbeldis. Það sama á við þegar löggjafarofbeldi sigrast á ráðandi lögum og setur um leið ný lög sem það viðheldur eftir bestu getu á ofbeldisfullan hátt með löggæslu. Dauðarefsing er afdráttarlaust dæmi um hvernig löggæsluofbeldi er jafnframt löggjafarofbeldi. Benjamin vísar aftur í söguna þegar dauðarefsingu var beitt, jafnvel fyrir minnstu glæpi. Þá var ekki verið að refsaheldur mun frekar verið að ítreka hver réði. Sá sem ræður yfir lífi og dauða er sá sem ræður, ég ítreka vald mitt með löggjöf, endurtekin ítrekun kemur fyrir sjónir sem löggæsla.

Lögin ítreka sig, staðhæfa sig á ný og eru þar með löggjafandi. Jafnvel leiðir löglegra markmiða sem talist gætu réttlát reynast vera nauðsynlega bundnar ofbeldi. Löggjafarofbeldi er því tvíþent: í stað þess að leggja ofbeldið til hliðar eftir að tilætluðu markmiði er náð heldur það áfram að beita ofbeldi til að tryggja tilvist sína. Þarna kemur skýrt fram hvernig markmið löggjafar felst í því að koma vilja tilvonandi valdhafa í framkvæmd og viðhalda svo valdastöðu þeirra með kerfisbundnu ofbeldi. Jafnvel í lýðræðisríkjum, þar sem lögin eru sögð tryggja velferð borgaranna og vernda réttindi þeirra, beita yfirvöld ofbeldi um leið og efast er um réttmæti fyrirmæla þeirra.²³ Þarna segir Benjamin eitthvað „rotið“ birtast í lögnum.²⁴

Handtaka Jórunnar Eddu og Ragnheiðar Freyju sýnir fram á þennan rotna eiginleika laganna. Þær voru handteknar á ofbeldisfullan hátt án þess að lögreglan gæti gefið upp ástæðu byggða á lagaákvæðum fyrir handtökunni. Það var ekki fyrr en einhverjum dögum seinna að lögreglan birti þeim kærni í fjórum liðum, þar á meðal er grein sem gefur til kynna að þær hafi reynt að taka stjórn á flugvélinni, en slíkt brot varðar allt að tveggja ára fangelsisvist. Löggjöfin sem falin er í þessari löggæsluathöfn var skýr og á efnislega fátt skylt með þeim kæruliðum sem tilkynntir voru konunum.

²² Það ekki óalgengt að slíkur „minnihluti“ sé ekki einu sinni raunverulegur minnihluti. Sem dæmi má nefna nýlegar kosningar í Bandaríkjunum þar sem Donald Trump, núverandi forseti, vann þrátt fyrir að hafa fengið nærri 3 milljónum færri atkvæði en Hillary Clinton. Róbert Jóhannsson, „Clinton hlaut nærri 3 milljónum fleiri atkvæði“, *RÚV*, 22. desember 2016.

²³ Þetta samsvarar minni eigin nýtilkominni reynslu af samskiptum við lögreglu. Hótað var að handtaka mig þegar ég bað um lagalegan grundvöll fyrir skipun lögreglumanns um að flytja mig af gangstétt í almannarými. Sjá Heiða Vigdís Sigfúsdóttir „Sérsvaitarmenn kallaðir út vegna friðsamlegra mótmæla“, *Stundin*, 4. maí 2017.

²⁴ W. Benjamin, „Zur Kritik der Gewalt“, bls. 189.

Lögin sem sett voru á fót með handtöku kvennanna undir yfirskini löggæslu voru: „Borgaraleg óhlýðni verður ekki liðin, valdið er okkar.“

Benjamin staðhæfir að allt ofbeldi sem leið sé annaðhvort löggefandi eða til þess gert að viðhalda lögum. „Því fylgir, samt sem áður, að allt ofbeldi sem aðferð, jafnvel í hinum ákjósanlegustu aðstæðum, er flækt í vafasama náttúru laganna sjálfra.“²⁵ Er þá aldrei hægt að leysa deilur án ofbeldis? Benjamin segir að það sé vissulega hægt, en slíkt samkomulag manna á milli getur „aldrei leitt til lagalegs sáttmála“²⁶ vegna þess að þó lögunum hafi verið komið friðsamlega á, „leiða þau á endanum til mögulegs ofbeldis“. Löggæsluofbeldi er yfirvofandi ógn því það heimilar þeim sem koma að sáttmálanum að beita hvern þann sem brýtur í bága við sáttmálann (og er gómaður) ofbeldi.²⁷ Benjamin ályktar út frá þessu að ef ræða á pólitískt samkomulag sem er í grunninn laust við ofbeldi, sé ekki hægt að styðjast við þingræði eða nokkurt annað kerfi sem byggir á lögum og refsíákvæðum því slíkt býður ofbeldisógninni ávallt heim.²⁸

Benjamin telur ofbeldislausar lausnir á deilum geta átt sér stað, en þá einungis á milli einstaklinga og þá er skilyrði að lagakerfinu sé ekki blandað í málið.²⁹ Hinsvegar er ekki gengið jafn greiðlega að „hreinum leiðum“ í stjórnámum, sérstaklega þegar kemur að ágreiningi þjóða, stétta eða annarra stærri hópa. Það er „vegna þess að hin æðri skipan sem hótar að yfirbuga jafnt sigraða sem sigurvegara er hulin sjónum flestra og skynsemi nær allra“.³⁰ Þessi æðri skipan er ofbeldi laganna.

Færa má rök fyrir því að hugsjónir ákveðinna greina anarkisma, eða stjórnleysisstefnu, hafi komið auga á þessa „æðri skipan“ laganna og vinni markvisst að því að byggja upp samfélög laus við ofbeldi laganna. Gríska orðið *an-arkos* merkir án leiðtoga og þó ekki sé hægt að tala um hugmyndafræði anarkisma í eintölu er grunnhugmyndin sú að samfélag geti virkað án miðstýrðs ríkisvalds og þannig að öll skipulagning sé sjálfsprottin.³¹ Grunnreglur anarkisma eru meðal annars sjálfs-

²⁵ W. Benjamin, „Zur Kritik der Gewalt“, bls. 189.

²⁶ Sama rit, bls. 190.

²⁷ Í nútíma samfélögum þjóðríkja er það einungis ríkið sem beita má ofbeldi eða sem heimilað getur beitingu ofbeldis, þ.e.a.s. einungis annar aðili sáttmálans. Grípi borgarar til ofbeldis þegar ríkið brýtur á þeim er lýst yfir undantekningarástandi og lagalegt tómarúm myndast.

²⁸ W. Benjamin, „Zur Kritik der Gewalt“, bls. 191.

²⁹ Sama rit, bls. 191.

³⁰ Sama rit, bls. 193.

³¹ Hrafnkell Tjörvi Stefánsson. „Er anarkismi pólitísk stefna? Ef svo er, hvernig þá?“, *Vísindavefurinn*, 15. október 2002.

skipulagning, sjálfviljug samvinna og gagnkvæm aðstoð. Einnig er allri tegund yfirvalda, ríkis og hverskyns tegund kerfisbundins ofbeldis hafnað.³²

1.3 Goðsagnakennt ofbeldi

Þó segja mætti á vissan hátt að gagnrýni Benjamins nái einnig til hugmynda anarkista, því líkt og báðir skólar lögspekinnar virðast anarkistar gefa sér að réttlát markmið og réttmætar leiðir tengist ávallt sem orsök og afleiðing hvors annars, er sá grundvallarmunur á að anarkistar hafna öllum lögum sem stuðla að kerfisbundnu ofbeldi (sem eru í raun öll lög í skilningi lögfræði og dómstóla). Hið rotna í lögum felur meðal annars í sér að leiðir laganna og markmið tengjast orsakasambandi sem er ofbeldisfull hringrás löggjafar- og löggæsluofbeldis. Það er eitthvað örlagabundið og óumflýjanlegt við lagalegt ofbeldi; sama hvað verður beitt það ofbeldi til að ítreka sig, sanna tilvist sína. Benjamin segir andrá lagalegs ofbeldis frekar líkjast birtingu einhvers afls heldur en raunverulegri leið að markmiði. Þegar manneskja beitt ofbeldi í reiðikasti án þess að hafa fyrir séð ákveðið markmið með athöfninni verður ofbeldið að einfaldri birtingarmynd reiðinnar. Þannig má einnig lýsa lagalegu ofbeldi, sem beitt sér einungis til að staðfesta vald sitt, sem birtingarmynd hrárrar tilveru þess.³³

Benjamin nýtir grískar goðsagnir til að gagnrýna lagalegt ofbeldi. Hann tekur sem dæmi harmsögu Níóbe drottningar Þebu, en hún kallaði yfir sig reiði tvíburanna Apollons og Artemis þegar hún hreykti sér af börnum sínum tólf og sagði sig betrung Letó sem aðeins eignaðist tvö börn, þau Apollon og Artemis. Goðin bregðast við með því að myrða öll börn Níóbe en skilja hana sjálfa eftir í óendanlegum harmi og sekt yfir vanhugsuðum ummælum. Annað dæmi um slíkt ofbeldi er þegar Artemis breytir veiðimanninum Akapeoni í hjört og sigar hans eigin hundum á hann eftir að hann sá hana óvart nakta þar sem hún baðaði sig í lítilli á. Á svipuðum nótum lét Apollon húðflétta satýrinn Marsýas eftir að sá síðarnefndi hafði unnið hann í keppni um hvor spilaði fegurri tónlist.

Eins og sjá má frá þessum dæmum beita goðin ofsafengnu ofbeldi til að staðfesta tilveru sína og völd. Þó það geti birst sem refsing er það fyrst og fremst löggefandi þar

³² D. Graeber, *Fragments of an anarchist anthropology*, bls. 3-8. Slíkt ferli hefði eflaust leitt til friðsamlegri og sanngjarnari meðferðar í máli Eze Okafor.

³³ W. Benjamin, „Zur Kritik der Gewalt“, bls. 196. Sem dæmi um þetta má nefna frásögn sem finna má hjá David Graeber í greininni „Dead zones of the imagination: On violence, bureaucracy, and interpretive labor“. Þar segir fyrrum fulltrúi lögreglunnar í Los Angeles (LAPD) frá því að yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem verða fyrir lögregluofbeldi hafa ekki brotið af sér á neinn hátt. Hann segir ástæðnu vera þá að sú að ein öruggasta leiðin til að kalla fram ofbeldisfull viðbrögð hjá lögreglunni sé að efast um rétt þeirra til að „skilgreina ástandið.“ D. Graeber, „Dead zones of the imagination: On Violence, bureaucracy and interpretative labor“, bls. 120.

sem engin skýr lög eru brotin þegar því er beitt og jafnvel þó hægt væri að lesa einhverskonar óljósa reglu út úr breytni goðanna, t.d. „ekki móðga goðin“, er ofbeldinu ekki sleppt eftir að lögin eru sett heldur nýtt til að festa þau í sessi, aftur, og aftur, og aftur. Því er „lögsetning valdsetning [*Rechtsetzung ist Machtsetzung*], og að því leyti verk milliliðalausrar birtingar ofbeldis“.³⁴ Að þessu leyti er ofbeldi goðanna líkt lagalegu ofbeldi og sýnir á skýran hátt hversu skaðlegt ofbeldi laganna er og hversu brýnt er að binda enda á það.³⁵

1.4 Nakið líf og guðdómlegt ofbeldi

Þrátt fyrir að lagalegt ofbeldi (það er goðsagnakennt ofbeldi)³⁶ sé ávallt vandkvæðum bundið og feli alltaf í sér innri mótsögn, eitthvað rotið, segir Benjamin að „lausn á mannlegum vandamálum“ sé „ómöguleg, sé ofbeldi í grundvallaratriðum algjörlega útilokað.“³⁷ Hann gerir sér í hugarlund annarskonar ofbeldi, ofbeldi sem væri ofbeldi hreinna leiða, *reine Mitteln*, laust við markmið annað en algera tortímingu hvers kyns laga. Benjamin setur fram hugmynd um hreint, milliliðalaust ofbeldi sem gæti veitt lagalegu ofbeldi viðnám og jafnvel stöðvað það. Guðdómlegt ofbeldi (þ. *göttliche Gewalt*) er þessi þriðja tegund ofbeldis sem rofið getur hina eilífu díalektísku sveiflu á milli löggjafarofbeldis og löggæsluofbeldis.

Benjamin segir guðdómlegt ofbeldi vera andstæðu lagalegs ofbeldis að öllu leyti og gerir nær einungis grein fyrir því á neikvæðan hátt, það er að segja með tengingu við eyðileggjandi og hreinsandi öfl:

Sé goðsagnakennt ofbeldi löggefandi, gjöreyðileggur hið guðdómlega lög, setji hið fyrrnefnda mörk, tortímir hið síðarnefnda takmarkalaust, beri hið goðsagnakennda með sér bæði sekt og yfirbót, ber hið guðdómlega með sér hreinsun, sé hið fyrrnefnda ógnandi, ræðst hið síðarnefnda til atlögu, sé annað blóðugt, er hitt banvænt án blóðsúthellinga.³⁸

³⁴ W. Benjamin, „Zur Kritik der Gewalt“, bls. 198.

³⁵ Sama rit, bls. 199.

³⁶ Benjamin talar sjálfur um goðsagnakennt ofbeldi eftir að hann hefur sýnt fram á skyldleika lagalegs ofbeldis við það. Ég held mig þó við orðalagið „lagalegt ofbeldi“ þar sem það er skýrara miðað við heildarsamhengi ritgerðarinnar.

³⁷ Sama rit, bls. 196. Einhverskonar vald þarf til til þess að koma á nýrri samfélagsskipan, deila má um hvort hægt sé að kalla all slíkt vald ofbeldi.

³⁸ Sama rit, bls. 199.

Þó öll séu þessi andstæðupör dularfull, jafnvel drungaleg, er síðasta andstæðuparið einna undarlegast og ekki skánar útlitið eftir að Benjamin dregur fram dæmi úr Gamla testamentinu um tortímingu Guðs á Kóra, syni Levís, og fylgismanna hans. Eftir að Kóra hefur uppreisn gegn Móse á leiðinni til fyrirheitna landsins lætur Guð jörðina gleypa hann ásamt öllum þeim er fylgdu honum, alls 249 manns.³⁹

Til að gera betri grein fyrir guðdómlegu ofbeldi þarf að taka það sem Benjamin kallar hið einbera líf (þ. *das bloße Leben*) til nánari skoðunar.⁴⁰ Naóbí stendur á landamærunum sem liggja á milli manna og guða. Hún er tengingin á milli ofbeldis og laga, í henni rennur beiting ofbeldis saman við lögin. Í samruna þeirra beinist blóðugt ofbeldi að hinu einbera lífi „því blóð er tákn hins einbera lífs“.⁴¹ Einbert líf Naóbí er það sem lögunum er beitt á. Hún verður fyrir ofbeldi laganna, sem goðin (valdhafar) beita til að staðfesta og ítreka sjálf sig sem handhafa valds. Lög standa og falla með hinu einbera lífi og þegar lögum er beitt á einbert líf verður það samstundis sekt, það er dæmt sekt af lögunum, ólöglegt. Þetta leiðir í ljós fleiri andstæðupör goðsagnakennds og guðdómlegs ofbeldis:

Goðsagnakennt ofbeldi er blóðugt vald yfir hinu einbera lífi sjálfs þess vegna [þ.e. ofbeldisins], hið guðdómlega er hreint vald yfir öllu lífi vegna hinna lifandi. Hið fyrra krefst fórnar, hið síðara tekur við henni.⁴²

Í dag er ekki óalgengt að heyra talað um verðmæti lífsins eða heilagleika þess út af fyrir sig. Lífið er heilagt vegna þess eins að það er líf. Að vera á lífi verður heilagt, og þetta telur Benjamin vera grundvöll nútíma mannréttinda – afar valtan grundvöll.⁴³ Þetta sýnir og sannar að uppruni boðorðsins „þú skalt ekki drepa“ hefur ranglega verið rakinn til áhrifa brotsins á fórnarlambið, en Benjamin segir að okkur beri skylda til að leita að uppruna þess í áhrifum brotsins á gerandann og Guð.⁴⁴ Þetta er hugsanlega hægt að túlka sem réttlætingu á ofbeldi (morðum) sem fylgja myndu allsherjarbyltingu.

³⁹ Fjórða Mósebók, 16. Það mætti kallast frekar undarlegt að velja dæmi úr Gamla testamentinu til að sýna fram á ofbeldi án blóðsúthellinga. Í kaflanum sem kemur á undan frásögninni um Kóra er maður er barinn og grýttur til dauða fyrir að brjóta lögmálið um hvíldardaginn til að bjarga uppskeru.

⁴⁰ Klassíska umfjöllun um „einbert lífi“ er bók Giorgios Agamben: *Homo Sacer* (1998), sérstaklega bls. 63-67, þar sem Agamben vitnar beint í ritgerð Benjamins sem hér er til umfjöllunar.

⁴¹ W. Benjamin, „Zur Kritik der Gewalt“, bls. 199.

⁴² Sama rit, bls. 200. „Die mythische Gewalt ist Blutgewalt über das bloße Leben um ihrer selbst, die göttliche reine Gewalt über alles Leben um des Lebendigen willen. Die erste fordert Opfer, die zweite nimme sie an.“

⁴³ Hannah Arendt afhjúpar hræsi slíks viðhorfs þegar hún segir: „Hugtakið um mannréttindi, sem byggt er á hinni tilbúnu hugmynd um mannaveruna í sjálfri sér, hrundi til grunna um leið og þeir sem kenndu sig við það stóðu í fyrsta skipti augliti til auglitis við fólk sem hafði glatað öllum eiginleikum og tengslum öðrum en þeirri einberu staðreynd að vera mannaverur.“ H. Arendt, *Imperialism* (1968). Tilvitnun tekin úr grein G. Agamben, „Við flóttamenn“.

⁴⁴ W. Benjamin, „Zur Kritik der Gewalt“, bls. 201.

Pá kemur í ljós að boðorðið er leiðbeinandi, ekki skipandi, og varðar samskipti manna á milli. Úr boðorðinu má ekki lesa neinn dóm. Sé verknaðurinn framkvæmdur, sé morð framið, verða fyrirmælin ónothæf, óviðeigandi. Hver og einn verður að takast á við boðorðið í einrúmi og í einstaka tilvikum að taka ábyrgð á því að brjóta það.⁴⁵

Benjamin neitar að taka heilagleika lífsins sem sjálfgefinn og þaðan sprettur aðgreining hans á hinu nakta lífi og lífi mannsins. Sú kenning að tilvera (þ. *Dasein*) sé meira virði en réttlát tilvera, segir Benjamin vera fullkomlega ranga nema lífið í þessu samhengi vísi til þess ósmækkana, ótilfæranlega, algjöra ástands sem manneskjan er. Sé hlutunum þannig farið „býr kenningin yfir voldugum sannleika [*gewaltige Wahrheit*]“. Það þýðir að „neind [eða ekki-vera, *Nichtsein*] manneskjunnar er hræðilegri en hin (skilyrðislaust: einbera) ekki-enn-vera [*Nochnichtsein*] réttlátrar manneskju.“⁴⁶

Skilja má á Benjamin að líf verði lítils virði séu réttlæti þess og hamingja að engu höfð, en það er nákvæmlega það sem gerist sé beitingu (guðdómlegs) ofbeldis afneitað vegna heilagleika lífsins sem slíks.⁴⁷ Sú verður einnig staðreyndin sé lagalegu ofbeldi leyft að rita lög sín með blóði á (ein)bera líkama.⁴⁸ Réttlæti er mögulegt ástand mannsins, en ekki nauðsynlegt ástand hans, og getur einungis birst í gjörðum okkar á hinu siðferðislega-pólítíska sviði. En um leið og lög eru sett hverfur réttlætið, þar sem lagalegt ofbeldi tekur aftur yfir. Í ljós kemur að samband ráðandi yfirvalda og (einbers) lífs er ævinlega bundið ofbeldi, sem er dýpsta og sannasta formgerð laga. Þó dæmi Benjamins um algjöra tortímingu Guðs á Kóra (sem minnir helst á afleiðingu kjarnorkusprengju) sé ansi ósannfærandi eigi guðdómlegt ofbeldi, eða vald, að stuðla að möguleika á réttlátara samfélagi, skulum við ekki afskrifa hugmyndina alveg strax. Hægt er að túlka guðdómlegt ofbeldi Benjamins á ótvíræðari og ofbeldisminni hátt en dæmi úr Gamla testamentinu gera kleift; sem borgaralega óhlýðni.

Goðsagnakennt ofbeldi er blóðugt vald yfir hinu einbera lífi í þágu þess sjálfs, þ.e. ofbeldisins. Ofbeldi yfirvalda í garð Eze Okafor var framkvæmt til að ítreka og staðfesta völd þeirra yfir landamærum Íslands annars vegar og völd þeirra yfir

⁴⁵ W. Benjamin, „Zur Kritik der Gewalt“, 201.

⁴⁶ Sama rit, bls. 201.

⁴⁷ Sjá t.d. áhugaverða grein Dilar Dirik um varnarlið Kúrda í Rojava, „Feminist pacifism or passivism?“, *Open Democracy*, 7. mars 2017.

⁴⁸ Dæmi úr poppkúltúr samtímans er AMC-þáttaröðin *The Walking Dead*. Eftir að skipan mála á heimsvísu leysist upp í faraldri sem breytir fólki í mannætudaufly, eru aðalpersónan Rick og vínafólk hans neydd til að gangast á hönd varmenninu Neagan, sem beitir hóp þeirra hrottalegu ofbeldi til að hræða þau til hlýðni. Fyrst um sinn neitar Rick að berjast gegn ógnarstjórn Neagans, og ver þá ákvörðun með því að geri þau uppreisn eigi þau á hættu að vera slátrað, en séu nú að minnsta kosti á lífi við þessar aðstæður. Nokkrum þáttum seinna áttar hann sig á því að líf undir harðstjórn Neagans er ekkert líf og baráttan fyrir frelsi og mögulegu réttlæti hefst.

(einberu) lífi Eze Okafor hins vegar. Tilvera Eze var smækkuð niður í einbert líf þegar lögnum var beitt á hann, lögum sem í senn innlimuðu hann og útskúfðu. Ofbeldið var í þágu yfirvaldanna sjálfra og þeirra marka sem lög þeirra setja. Ofbeldi yfirvalda í garð kvennanna tveggja var ofbeldi framið til að ítreka að ekki megi brjóta í bága við yfirvöld, við blóðugt vald laganna. Lögreglan beitti ofbeldi til þess að viðhalda úrskurði yfirvalda um brottvísun Eze, viðhalda valdi laganna. *Hið guðdómlega ofbeldi er hreint vald yfir öllu lífi í þágu hinna lifandi.* Ofbeldið sem Ragnheiður Freyja og Jórunn Edda beittu var (kannski) hreint vald yfir öllu lífi. Hreint; kannski vegna þess að það var friðsamlegt, laust við líkamlegt ofbeldi og átti sér ekki löggefandi markmið. Í andrá athafnarinnar leitaðist það ekki við að koma á nýjum lögum, heldur að tortíma dómi yfirvalda, lögum þeirra. Það var hreint vald yfir öllu lífi því í aðgerðinni fólst ákall til allra um að standa upp með þeim gegnt blóðugu ofbeldi yfirvalda. Ofbeldið var vegna hinna lifandi, hinir lifandi eru mannkyn sem býr yfir möguleikanum á réttlæti. *Hið fyrrnefnda ofbeldi krefst fórnar, hið síðarnefnda tekur við henni.* Fórnin sem yfirvöld krefjast er líf Eze (reyndar líf alls flóttafólks, alls fólks) og áverkar kvennanna. Fórnin sem ofbeldi Jórunnar Eddu og Ragnheiðar Freyju tekur við er þeirra eigin handtaka og möguleg fangelsisvist, tög á brottför fyrir þá í vélinni sem hefðu getað sýnt samstöðu, einhver aukakostnaður fyrir flugfélagið og fleira, en krafan er engin.

Til að taka af tvímæli er rétt að geta þess að Benjamin hefði aldrei fallist á að nota jafn afdráttarlaust dæmi og þetta, enda neitar hann því að hægt sé að bera kennsl á guðdómlegt ofbeldi þegar það á sér stað. Auk þess myndi hann líklega ekki telja það mögulegt að telja upp allar þær fórnir sem guðdómlegt ofbeldi tæki við, enda er það handan okkar skilnings (þetta skýrist í næsta kafla, í umfjöllun um hugsun Derrida). Benjamin ýjar þó að því að guðdómlegt ofbeldi geti átt sér stað og eigi sér nú þegar stað í heiminum þegar hann segir eina (leyfða) birtingarmynd guðdómlegs ofbeldis í samtímanum vera „menntandi ofbeldi“ (þ. *erzieherische Gewalt*),⁴⁹ sem mætti kannski einnig þýða sem menntunarvald og stendur í sínu fullkomnasta formi fyrir utan lögin.⁵⁰ Guðdómlegt ofbeldi skilgreinist þannig ekki útfrá kraftaverkum beinlínis framkvæmdum af Guði, „heldur einkennist það af andartaki óblóðugs, sláandi [*schlagenden*], hreinsandi verknaðar. Og að lokum, af fjarveru allrar löggjafar“. Slíkt

⁴⁹ Ég þýði *erzieherische* sem „menntandi“ en ekki „uppeldis-“ með hliðsjón af enskri þýðingu textans sem notar „educational“.

⁵⁰ W. Benjamin, „Zur Kritik der Gewalt“, bls. 200.

ofbeldi er tortímandi með tilliti til gæða, réttar, lífs og fleiri atriða en „aldrei algjörlega með tilliti til sálar þeirra sem lifa“.⁵¹

Benjamin telur að rof á hringrás lagalegs ofbeldis beri með sér nýjan sögulegan tíma, lausan við ríkið og ríkisvald (þ. *Staatsgewalt*). Ef slíkt rof á sér stað af og til í samtímanum, ef „yfirráð goðsagnarinnar“ eru rofin, þá er möguleikinn á guðdómlegri tortímingu laga ekki svo fjarstæðukenndur verknauður sjálfur. Þó er einn hængur á, því Benjamin heldur áfram og segir að *ákvörðunin* um hvort og hvenær hreint ofbeldi hafi verið að verki sé mönnum ekki jafn möguleg og verknauðurinn. Skyndilega verður óljóst hvort guðdómlegt ofbeldi sé raunverulega til staðar í heiminum, hvort réttlætið sé raunverulega hér, en samkvæmt Benjamin virðist það heldur ekki vera ýkja brún ákvörðun, kannski vegna þess að ómögulegt er að nálgast slíka fullvissu.⁵²

Spurningin var „hvort ofbeldi sem lögmál geti þjónað sem siðferðisleg leið réttlátra markmiða“.⁵³ Svarið sem Benjamin gefur er nei, þar sem lagalegt ofbeldi viðheldur hringrás löggæslu- og löggjafarofbeldis, sem er ofbeldi innbyggt í orsakasamband markmiða og leiða. Til að rjúfa þessa hringrás þarf að afnema öll lög, sem leiðir til afnáms ríkisvaldsins. Þar með getur nýtt sögulegt tímabil hafist.⁵⁴ (Sagði einhver anarkismi?)

Stund réttlætis er í guðdómlegu ofbeldi sem ræðst á lögin utan frá – tortímandi, hreinsandi, án markmiðs. Vissa um hvort ofbeldið hafi í raun verið guðdómlegt er ómöguleg. Gerendur eru ávallt sekir, jafnvel þó þau séu frjáls undan ofbeldi laganna, þar sem þau bera ábyrgð á ofbeldi sem var einungis *hugsanlega* guðdómlegt.⁵⁵ Það tekur (kannski) á sig form í samtímanum, en um leið og þetta form er gert að lögum hverfur hreinleiki þess og það verður blóðugt á ný. Því „allt goðsagnakennt ofbeldi er vítavert, löggjafarofbeldið sem kalla má aðgreinandi. Vítavert er einnig löggæsluofbeldið, eftirlitið sem þjónar því [löggjafarofbeldinu]. Hið guðdómlega ofbeldi, sem er undirskrift og innsigli en aldrei leið heilagrar framkvæmdar, má kallast ríkjandi.“⁵⁶

Benjamin samþykkir að guðdómlegt ofbeldi sé nauðsynlegt réttlætinu, en fullyrðir ekki um hvort guðdómlegt ofbeldi eigi sér nokkurntímann stað. Ef svo er segir hann að

⁵¹ W. Benjamin, „Zur Kritik der Gewalt“, bls. 200.

⁵² Sama rit, bls. 202.

⁵³ Sama rit, bls. 179.

⁵⁴ Sama rit, bls. 202.

⁵⁵ Sama rit, bls. 202.

⁵⁶ „Verwerflich aber ist alle mystische Gewalt, die rechtsetzende, welche die schaltende genannt werden darf. Verwerflich auch die rechterhaltende, die verwaltete Gewalt, die ihr dient. Die göttliche Gewalt, welche Insignum und Siegel, niemals Mittel heiliger Vollstreckung ist, mag die waltende heißen.“ Sama rit, bls. 203.

réttlætið komi fram á þeirri stundu er guðdómlegt ofbeldi ræðst til atlögu og sé algjörlega óháð því sem verða mun. Þó Benjamin sé tvístígandi gagnvart því að fullyrða hvort guðdómlegt ofbeldi eigi sér nú þegar stað í heiminum held ég því fram að svo sé og segi því skilið við Benjamin að einhverju leyti. Guðdómlegt ofbeldi tekur á sig ýmis form ólöglegs andófs (borgaralegrar óhlýðni) gegn kerfisbundnu ofbeldi og á sér stað á mörgum vígvöllum. Réttlætið er því nú þegar hér í mismunandi myndum. Eða hvað?

2. kafli: Full-komið réttlæti

[...] *la justice incalculable commande de calculer.*⁵⁷

2.1 Afbygging og vald laganna

Það hvort réttlæti sé til staðar í heiminum, hvort að það *geti* yfirhöfuð verið til staðar og hvað það í rauninni sé eru spurningar sem Jacques Derrida tekst beint og óbeint á við í bókinni *Force de loi*, „*le Fondement mystique de l'autorité*“. Í henni ræðir hann hvernig hin svokallaða afbygging (fr. *déconstruction*) tengist ávallt hinu pólitíska og siðfræðilega en jafnframt og kannski helst réttlætinu. Þó Derrida hafi almennt verið tregur til að skilgreina afbyggingu, jafnvel til að viðurkenna „að hún sé til og ef hún sé til að hún sé ein“,⁵⁸ mætti segja að afbygging sé leið til að lesa texta og túlka þá á nýjan hátt með því að leita að togstreitu í textanum og afhjúpa þannig mótsagnir í orðræðunni. Um leið felur afbygging í sér væntingu eftir því óorðna, eftir því sem hingað til hefur verið hafnað.⁵⁹

Mennirnir leitast gjarnan við að koma sannleika skýrt og greinilega á framfæri og gera það oftast enn ekki í gegnum texta, tungumálið. Tungumálið er þá notað til að miðla sannindum, það verður leið að markmiði sem er sannleikur. Tákmynd (sem er orð eða mynd) á að sameinast táknmiði (sem er hugmynd eða ímynd) í tákni sem býr yfir einhverri endanlegri og fullkominni merkingu. Sú sem afbyggir segir að tungumálið sé ekki svo gagnsætt; táknmiðið skreppur ávallt undan tákmyndinni vegna þess efnisleika eða líkamleika sem loðir við texta. Það er alltaf hægt að túlka textann upp á nýtt, hann gengur í gegnum söguna og segir eitthvað nýtt á hverjum tíma. Textinn hefur meira að geyma en það sem höfundurinn vill segja, orðin eru margræð vegna þess að þau eru ekki mín uppfinning, þau geta ekki tjáð einungis það sem ég sem einstaklingur vill segja. Sú sem afbyggir leysir textann upp og sýnir að þar er ekki allt með kyrrum kjörum.⁶⁰

Slík óróatilfinning fylgir sannarlega texta Benjamins, en það er engu líkara en að hann afbyggi sig sjálfur, líkt og lögin. Derrida segir róttæka tortímingu ásækja textann, gjöreyðingu (fr. *annihilation totale*), eyðingu réttar (fr. *droit*) og jafnvel réttlætis.⁶¹ Í

⁵⁷ J. Derrida, *Force de loi* „*le Fondement mystique de l'autorité*“, bls. 61.

⁵⁸ Sama rit, bls. 35.

⁵⁹ Irma Erlingsdóttir, „Ó-orðið milli bókmennta og heimspeki: Jacques Derrida, Hélène Cixous og „verðandi“ réttlæti“, *Ritið* 10:3 (2010), bls. 59.

⁶⁰ Sama rit, bls. 59-61.

⁶¹ J. Derrida, *Force de loi*, bls. 67. Í frönsku er talað um bæði *loi* og *droit*, þá nær *la loi* yfir hin skrifuðu lög en *droit* er meira í ætt við rétt, þó að hugtökin tengist óneitanlega þar sem réttur tengist oftast hinum skrifuðu lögum. Ég mun þýða þessi hugtök eins og mér finnst við eiga í hvert sinn en hafa franska orðið innan sviga.

honum býr „skelfileg siðferðis- og stjórnómáleg margræðni [*une terrifiante ambiguíté éthico-politique*]“.⁶² Tortímunguna rekur hann meðal annars til hinnar djúpu rökfærslu textans sem setur fram túlkun á tungumálinu, á uppruna þess og reynslunni af því. Samkvæmt þessari túlkun kemur hið illa inn í tungumálið í gegnum endurbirtingu (fr. *représentation*), sem er tæknileg, upplýsandi og fyrirsjáanleg; ekki ólíkt eðli laganna.⁶³

Derrida segir texta Benjamins stefna að því að afbyggja þær gagnstæðu tvenndir sem hann setur sjálfur fram í textanum.⁶⁴ Á milli allra tvennda Benjamins á sér stað það sem Derrida kallar skilafrestssmitun (fr. *contamination différentielle*), en það sést einkar vel í tilviki löggjafar- og löggæsluofbeldis, þar sem mörkin mást út og þessar tvær gerðir ofbeldis smita hvor aðra þvert á muninn sem er á þeim. Í texta Benjamins fellur hver aðgreiningin af annarri inn í sjálfa sig. Aðgreiningin umbreytist, verður hvorki það sem hún er né eitthvað annað – það er aldrei alveg víst við hvern/hvað/hverja er að eiga. Derrida tekur dæmi um lögregluna, sérstaklega ríkislögreglu samtímans, en takmörk hennar eru, þegar öllu er á botninn hvolft, óstaðsetjanleg (fr. *inassignables*). Hún er alls staðar, líka þar sem hún er ekki vegna þeirrar hótunar sem lögin fela í sér.⁶⁵ Derrida segir afbyggingu vera hugsunina um skilafrestssmitun. Hún er sú hugsun sem er gagntekin af nauðsyn þessarar smitunar og stendur þannig handan rökfræði andstæðna.⁶⁶ En hvernig tengist afbygging réttlætínu? Væri hægt að segja að Ragnheiður Freyja og Jórunn Edda hafi, með róttækum aðgerðum sínum, hafið afbyggingu á lögum um brottvísun útlendinga og þar með ofbeldi yfirvalda?

Enska orðið *enforcement* á við um framkvæmd laga og sýnir greinilega tengsl valds og laga, hvernig lögin þurfa á valdi að halda til að standa:

[...] „to enforce the law“ minnir okkur ávallt á að ef réttlætið er ekki nauðsynlega réttur eða lög [*le droit ou la loi*], getur það ekki orðið að lögmætu eða lögbundnu réttlæti [*de droit ou en droit*] nema með því að búa yfir valdi eða, enn fremur, með því að skírskota til valdsins frá sinni fyrstu stund, frá sínu fyrsta orði.⁶⁷

⁶² J. Derrida, *Force de loi*, bls. 122.

⁶³ Sama rit, bls. 69.

⁶⁴ Sama rit, bls. 74.

⁶⁵ Sama rit, bls. 102.

⁶⁶ Sama rit, bls. 94.

⁶⁷ „To enforce the law“ qui nous rappelle toujours que si la justice n'est pas nécessairement le droit ou la loi, elle ne peut devenir justice de droit ou en droit qu'à détenir la force ou plutôt à en appeler à la force dès son premier instant, dès son premier mot.“ Sama rit, bls. 26.

Þar sem lög eru ekki endilega í samræmi við réttlæti þarf réttlætið á valdinu að halda eigi það nokkurn tímann að birtast í lögum. Séu óréttlát lög í gildi verður eitthvað sem er öflugra en ríkjandi löggjafi að afnema þau. Aðeins þannig eiga önnur (kannski réttlátari) lög möguleika. Eins og Benjamin sýndi fram á verður lögum einungis breytt með valdi, en slíkt ber alltaf með sér ofbeldi, valdbeitingu. Samkvæmt íslenskri orðsifjafræði eru orðin ofbeldi og ofbeldinn (sem er sá sem beitir valdi eða ofríki) skyld lýsingarorðunum *baldur* sem merkir hraustur og djarfur, *beldni* merkir ofsi og ákafi og *beldinn* merkir ofríkisfullur. Sögnin *að bella* er að glymjá við og *baldinn* merkir ódæll eða óstýrilátur. Forskeytið *of-* er notað í herðandi merkingu og því merkir *ofbeldi* of mikill ofsi eða ákafi,⁶⁸ en einnig loðir við orðið einhverskonar hreysti, óstýrilæti (sem er á vissan hátt annað orð yfir sjálfræði) og glymur (sem er gamalt orð yfir bardaga). Með þessa orðsifjafræði á bak við eyrað er hægt að tala um ofbeldi Ragnheiðar Freyju og Jórunnar Eddu sem óstýrilæti við yfirvöld, bardaga við lögin.

Derrida vitnar í Blaise Pascal sem segir: „*Réttlæti, vald* – það er rétt [*juste*] að því sem er réttlátt [*juste*] sé fylgt, það er nauðsynlegt að því sem er valdamikið sé fylgt.“⁶⁹ Pascal heldur áfram og segir:

Réttlæti án valds er vanmáttugt; vald án réttlætis er harðstjórn. Réttlæti án valds er mótmælt, vegna þess að illmenni eru alltaf til staðar; vald án réttlætis er borið sökum. Því þarf að setja saman réttlætið og valdið; og þar með gera það sem er réttlátt valdamikið, eða það sem er valdamikið réttlátt. Og úr því að menn geta ekki gert það sem er réttlátt valdamikið, hafa þeir gert það sem er valdamikið réttlátt.⁷⁰

Það er nokkuð ljóst af þessari tilvitnun að þar sem okkur tekst ekki að gera hið réttláta valdamikið, fær það sem er valdamikið að hlutast til um réttlætið og setja lög sem endurspeglar vilja þess. Völd þess valdamikla byggja á ofbeldi, líkt og lög í nútíma samfélagi byggja vald sitt á lögreglunni, sem er einokun ríkisins á (heimiluðu) ofbeldi. Aðeins yfirvöld *mega* beita ofbeldi án þess að eiga yfir höfði sér refsingu. Vanmáttugt réttlæti er ekki réttlæti í skilningi laganna og það sem kallast réttlæti laganna er ekki

⁶⁸ Guðrún Kvaran. „Hver er upprunaleg merking orðsins ofbeldi og hvaða orðum er það skylt?“, *Vísindavefurinn*, 24. október 2000.

⁶⁹ „Justice, force – il est juste que ce qui est juste soit suivi, il est nécessaire que ce qui est le plus fort soit suivi.“ Blaise Pascal, *Pensées*, grein 298, bls. 470. Hér vitnað eftir J. Derrida, *Force de loi*, bls. 27.

⁷⁰ „La justice sans la force est impuissante; la force sans la justice est tyrannique. La justice sans force est contredite, parce qu'il y aura toujours des méchants; la force sans la justice est accusée. Il faut donc mettre ensemble la justice et la force; et pour cela faire que ce qui est juste soit fort, ou que ce qui est fort soit juste. Et ainsi ne pouvant faire que ce qui est juste fût fort, on a fait que ce qui est fort fût juste.“ Sama stað.

réttlæti þar sem lagalegt ofbeldi er grundvöllur þess. Þau sem fylgja lögunum vegna réttlætis þeirra, fylgja þeim ekki á þann hátt sem ætlað er. Dýpsta ástæðan fyrir hlýðni við lögin er að þau búa yfir valdi (fr. *autorité*), valdi sem ógnar. Derrida segir *crédit* (traust, trúnaður, trú) skipta mestu máli þegar kemur að löghlýðni. Lögin hvíla í raun á engu öðru en trúnaði við þau, á því trausti sem þeim er veitt. Trú er dulrænn grundvöllur laganna.⁷¹

Afbygging getur komið hreyfingu á þessa trú, rakið hana til baka og þannig sett lögin úr skorðum. Við fyrstu sýn mætti halda að vegna þessa útiloki afbygging möguleikann á réttlæti, en staðreyndin er sú að afbygging er einmitt það sem gerir réttlæti mögulegt.⁷² Andóf Ragnheiðar Freyju og Jórunnar Eddu vakti athygli á ofbeldisfullri aðför ríkisins í garð Eze sem ekki hafði brotið nein lög en var þó dæmdur „ólöglegur“ af yfirvöldum. Hægt er að líta á andófið sem róttæka endurtúlkun á því sem telst réttlátt samkvæmt lögum og þeim ofbeldisfulla grundvelli sem þau hvíla á.

Þrátt fyrir að afbyggingin *virðist* ekki ávarpa vandann um réttlætið gerir hún í raun ekki neitt annað en það. Reyndar er afbyggingunni ómögulegt að ávarpa réttlætið beint, eina leiðin er að gera það á ská (fr. *obliquement*). Það er aldrei hægt að tala *beint* um réttlætið, hlutgera það eða gera það að þema (fr. *thématiser*). Það er ekki hægt „að segja „þetta er réttlátt,“ og enn síður „ég er réttlát“, án þess að svíkja þar með réttlætið, ef ekki réttinn [*le droit*].“⁷³ Ef lagt er við hlustir má heyra hér óm af rödd Benjamins sem segir guðdómlegt ofbeldi vera óákvarðanlegt, það er aldrei hægt að vera viss um hvort eða hvenær það hefur átt sér stað.

Derrida segir að „réttlæti í sjálfu sér, ef eitthvað slíkt er til, fyrir utan rétt [*droit*] eða handan hans, er ekki afbyggjanlegt“,⁷⁴ en lög verða ávallt afbyggjanleg. Sú staða laganna „að geta, þegar allt kemur til alls, samkvæmt skilgreiningu aðeins stutt sig við sjálf sig, þau eru sjálf ofbeldi án undirstöðu, án grundvallar“ gera lög í eðli sínu afbyggjanleg.⁷⁵ Bæði vegna þess að þau byggjast á túlkanlegum og umbreytanlegum texta sem hefur mótast í gegnum söguna og vegna þess að hinsti grundvöllur þeirra er ógrundvallaður.⁷⁶

⁷¹ J. Derrida, *Force de loi*, bls. 29-30.

⁷² Sama rit, bls. 45-46.

⁷³ Sama rit, bls. 26.

⁷⁴ Sama rit, bls. 35.

⁷⁵ Sama rit, bls. 34.

⁷⁶ Sama rit, bls. 35.

Það er hið óafbyggjanlega réttlæti sem knýr okkur áfram, réttlæti handan laganna sem er ekki afbyggjanlegt, ekki frekar en afbyggingin sjálf. „Afbygging er réttlæti“,⁷⁷ og það sem gerir afbyggingu mögulega er rétturinn sem heimilar sjálfan sig án grundvallar (fr. *l'auto-autorisation du droit*).⁷⁸ Afbyggingin, sem er réttlætið að verki, á sér stað í bilinu á milli óafbyggjanleika réttlætisins og afbyggjanleika laganna. Afbyggingin „er möguleg sem reynslan af hinu ómögulega, þar sem, jafnvel þótt hún sé ekki til, þótt hún sé ekki *nærverandi*, ekki ennþá né nokkurn tímann, *til staðar er réttlæti* [il y a la justice].“⁷⁹ Hvernig er eitthvað til, þó það verði aldrei til? Hvernig berum við kennsl á réttlætið? Hver og hvernig er „reynslan af hinu ómögulega“?

2.3 Aporía

Líkt og hringrás löggjafar- og löggæsluofbeldis bendir til eru vandamál réttlætisins óendanleg og verkefni afbyggingar þar með. Þau eru óendanleg vegna þess að þau innihalda reynsluna af hinu ómögulega, „reynsluna af *aporíu* sem er ekki alveg ótengd því sem við köllum hið dulræna“.⁸⁰ *Aporía* er forngrískt orð, ἀπορία, og þýðir í bókstaflegri merkingu vegleysa. Forskeytið *a-* táknar án og *poros*, sem *poria* er dregið af, táknar leið, vegur eða ferð. Á íslensku mætti t.d. nota ógöngur eða ófærð. Derrida segir reynslu vera nokkurskonar ferðalag, hún liggur þvert yfir tíma og líkama í átt að leiðarenda. Hún finnur sér veg, leið að endinum og því er reynslan af *aporíu* reynsla sem ekki er hægt að komast alveg í gegnum, ekki hægt að fullklára ef svo má segja.⁸¹

Stundum tekst okkur að leysa eitthvert vandamál vel með hjálp reglna (t.d. laga) og við getum jafnvel gert upp hug okkar varðandi tiltekinn verknað, þ.e.a.s hvort hann hafi verið vel unninn eða illa, vandamálið vel leyst eða illa. Þó væri aldrei hægt að segja til um hvort verknaður sé réttlátur, jafnvel þó við gætum útskýrt reglurnar og ástæðurnar fyrir honum. Það er nefnilega aldrei hægt finna útskýringu þegar kemur að réttlæti. Réttlætið er óútreiknanlegt og því er aldrei hægt að gera það að reglu, aldrei hægt að gera það að lögum, sem eru útreiknandi og tæknileg.

Réttlætið hlýtur ávallt að eiga við um það einstaka, um forgengilega en jafnframt óbætanlega tilveru sjálfsveru (hópa eða einstaklinga). Lög eru alhæfandi og verða að vera með því lagi. Þau eru byggð á almennum gildum en þeim er beitt á algjöra sérstöðu, á einstaka veru (fr. *singularité*). Engin manneskja, enginn hópur getur safnað

⁷⁷ J. Derrida, *Force de loi*, bls. 35

⁷⁸ Sama rit, bls. 35-36.

⁷⁹ Sama rit, bls. 35.

⁸⁰ Sama rit, bls. 37.

⁸¹ Sama rit, bls. 37.

saman nægum sönnunargögnum til að fullvissa sig um réttlæti laga eða réttar. Til þess þyrfti óendanlegan tíma, en *ákvörðun* hlýtur að vera tekin á einhverjum tímapunkti og þar með verður réttlætið óvíst. „Aporískar upplifanir [...] eru augnablikin þegar *ákvörðun* um hvort eitthvað er réttlát eða óréttlát er aldrei tryggð með reglu.“⁸²

Réttlæti sem réttur, sem lög, er því ekki og verður aldrei réttlæti í fyllstu merkingu þess. Lög eru útreiknanleg en réttlætið er óútreiknanlegt. Lögum er beitt á algildandi hátt, en réttlæti hlýtur ávallt að vera sérstætt, eiga við um einstök tilvik. Þó er bæði sanngjarnt og nauðsynlegt að til séu lög eða einhverskonar viðmiðunarreglur þar sem við lifum í samfélögum og það hljóta að koma upp ágreiningsmál af og til sem einstaklingum reynist ókleift að leysa sín á milli. Það sem er mikilvægt að hafa í huga er að þegar við beitum lögum reiknum við (eitthvað út) með hinu óútreiknanlega. Aðgreining laga og réttlætis hjá Derrida virðist þannig vera skýr og jafnvel sambærileg við aðgreiningu Benjamin á lagalegu og guðdómlegu ofbeldi. Derrida sýnir hins vegar fram á að aðgreining þessi er alls ekki svo skýr og í raun haldast réttlætið og lögin óumflýjanlega í hendur:

Svo virðist sem lög [*le droit*] fari fram á að beita sér í nafni réttlætisins og að réttlætið krefjist þess að koma sér fyrir í lögum sem verður að hrint í framkvæmt [*mis en œuvre*] (sett á stofn og beitt), með „*enforced*“ valdi. Afbyggingin finnur sig og hreyfir sig ávallt á milli beggja.⁸³

Derrida talar um þrjár aporíur sem allar varða tregafullt samband laga og réttlætis. Fyrsta aporía snýst um frelsi, sem er lykilhugtak í allri siðfræði. Til að geta verið dæmd réttlát eða óréttlát verð ég að geta talist bera ábyrgð á gjörðum mínum, hegðun, hugsunum og ákvörðunum. Til að hægt sé að bera ábyrgð á verknaði verður gerandinn að vera frjáls til að framkvæma hann eða ekki. Skilyrði fyrir því að hægt sé að tala um ábyrga ákvörðun sem annaðhvort er réttlát eða ranglát er því sú að ákvörðunin sé frjáls. Derrida tekur dæmi af dómara sem í dómum sínum verður að fylgja lögum en um leið verður hann að endurtúlka, endurmeta, staðfesta gildi laganna með ákvörðun sem fylgir engri reglu. Eigi ákvörðun (dómur) að geta verið réttmæt og ábyrg, verður hún að vera í senn reglubundin og án reglu, hún verður að varðveita lögin en einnig verður hún að tortíma þeim eða víkja þeim frá um stundarsakir til þess að endurskapa þau, endurmeta þau og endurréttlæta. Þannig er aldrei hægt að segja að ákvörðun sé réttlát, þ.e.a.s. að

⁸² „[...] les expériences aporétiques sont [...] des moments où la décision entre le juste et l'injuste n'est jamais assuré par une règle.“ J. Derrida, *Force de loi*, bls. 38.

⁸³ Sama rit, bls. 49-50.

hún sé frjáls og ábyrg, því ef hún fylgir reglu er hún ekki frjáls og ef hún fylgir ekki reglu er hún óábyrg. Ákvörðunin er því föst í mótsögn þess óútreiknanlega og þess útreiknanlega, í togstreitunni á milli þess algjörlega einstaka, sérstæða og þess algildandi, reglubundna. Föst á milli frelsis og ábyrgðar. Þannig er einungis hægt að tala um lögmæta ákvörðun, en í og með hverri einustu ákvörðun er „vandamáli réttlætisins stillt upp og það leyst á ofbeldisfullan hátt, það er að segja grafið, hulið, bælt niður“,⁸⁴ af of miklum ofsa, of miklum ákafa. Þolinmæðin (sem þó væri aldrei næg) er á þrotum.

Vægðarlaust óréttlæti ásækir hverja ákvörðun þar sem hver ákvörðun er mörkuð óákvarðanleika. Þessi óákvarðanleiki markar aftur hverja ákvörðun ómöguleika. Um þetta fjallar önnur aporía. Réttlæti á engan möguleika án ákvörðunar, því í ákvörðun, með athöfn, er reynt að virkja réttlætið, reynt að raungera það. Um leið komumst við aldrei algjörlega yfir óákvarðanleikann; engin endanleg þekking, engin fullvissa, engin nógu gagnrýnin viðmið eru til varðandi slíka ákvörðun.⁸⁵ Í þessu felast ógöngur, *aporía*.

Þrátt fyrir ógöngurnar virðist *hugmyndin um réttlæti* vera óafbyggjanleg og sífellt knýjandi á dyr okkar. Hún kemur okkur úr stað og heldur okkur á hreyfingu. Ég segi „hugmyndin“ vegna þess að réttlæti Derrida er aldrei alveg komið, við getum aldrei alveg upplifað það. En þrátt fyrir að það sé ómögulegt að setja réttlætið fram, þá bíður það ekki, það má ekki bíða. Réttlátrar ákvörðunar er krafist hér og nú, eins fljótt og auðið er.⁸⁶ Það ákallar okkur, krefst tafarlausrar athafnar; ómögulegrar ákvörðunar. Jafnvel þótt öflun upplýsinga fyrir ákvörðunartöku geti tæknilega séð verið óendanleg (og verður í raun að vera óendanleg fyrir réttlætið), er stund ákvörðunar endanleg og aðkallandi, jafnvel tekin í óðagoti (fr. *précipitation*).⁸⁷ Ákvörðunin heggur í sundur, útkljáir. Hún er framkvæmandi (fr. *performatif*) í vanþekkingu og án reglu. Hér mæta okkur aftur ógöngur. Þriðja aporía: réttlætið miðar að því sem er ómögulegt.

Af þessum sökum þarf ávallt að segja kannski (fr. *peut-être*) um réttlætið: kannski getur réttlætið verið. Réttlætið er ekki í framtíðinni því framtíðin er útreiknanleg. Þess er ekki vænst, heldur dvelur það í því opna og óvænta sem Derrida kallar *à-venir*. Réttlætið á eftir að koma, er komandi og verður þó aldrei full-komið.⁸⁸

⁸⁴ J. Derrida, *Force de loi*, bls. 50-52.

⁸⁵ Sama rit, bls. 52-54.

⁸⁶ Sama rit, bls. 57.

⁸⁷ Sama rit, bls. 58.

⁸⁸ Sama rit, bls. 60-61.

3. kafli – Logos

Í upphafi var Orðið og Orðið var hjá Guði og Orðið var Guð.
Jóhannes 1:1

Jóhannesarguðspjall hefst á tilvitninni hér fyrir ofan. *Logos* (λ ó γ ο ς) hefur verið þýtt á íslensku sem „Orðið“. Derrida segir að við upphaf réttlætisins hafi verið *logos*, sem er komið frá *lego*: „ég segi“. Hann segir þá fullyrðingu ekki „nauðsynlega vera í mótsögn við annað upphafsorð [*incipit*] sem segði: „Í upphafi hefur verið vald.““ Hann bætir við: „Það sem þarf að hafa í huga, er þá beiting valds í sjálfu tungumálinu, í innsta eðli þess, líkt og í þeirri hreyfingu þar sem það myndi algjörlega afvopnast af sjálfu sér“.⁸⁹ Þessi hreyfing er afbygging, afbygging sem bæði bjargar réttlætinu og færir það undan.

Guðdómlegt ofbeldi, sem er vald, á sér stað í því sem kalla mætti *viðburð* (fr. *événement*) með orðaforða Derrida. Viðburður er reynsla af einhverju öðru og tengist nauðsynlega réttlætinu þar sem hann er jákvæð og opin afstaða gagnvart því sem er annað.⁹⁰ Guðdómlegt ofbeldi er viðburður sem á eftir að túlka (og er jafnvel ótúlkunlegur). Ekkert tryggir að það hafi í för með sér réttlæti og líkt og Benjamin segir er í raun ómögulegt að komast að því hvort svo sé. Nátengt hugmyndinni um viðburð er það sem Derrida kallar skilyrðislausu gestrisni. Skilyrðislaus gestrisni „segir „komdu“ við aðkomumanninn og ætlast til einskis af honum“,⁹¹ án þess að vita hver eða hvernig hann er. Slík gestrisni er á sama tíma eini möguleiki réttlætisins, eina von réttlætisins. Kannski er þessi von ómöguleg og vissulega opnar hún á hættu þess óþekkta en um leið gerir hún ör okkar kleift að strjúkast við réttlætið. Þar sem réttlætið á eftir að koma verðum við að vera sífellt á hælum þess, stöðugt opin fyrir því ókomna. Ofbeldi útilokar og eyðir hvers kyns opnun þar sem það krefst nær engrar túlkunar, engra samskipta.⁹²

Með því að tengja saman hugmyndir Benjamins og Derrida má segja að viðburðurinn, koma óþekkta gestsins, sé (ofbeldisfullt) rof á hringrás löggæslu- og löggjafarofbeldis. Þetta hreina rof, þetta hreina ofbeldi, er þó aðeins hreint í andartak

⁸⁹ J. Derrida, *Force de loi*, bls. 26-27. „Au commencement de la justice, il y aura eu le *logos*, le langage ou la langue, mais cela n'est pas nécessairement contradictoire avec un autre *incipite* qui dirait "Au commencement il y aura eu la force." Ce qu'il faut penser, c'est donc cet exercice de la force dans le langage même, dans le plus intime de son essence, comme dans le mouvement par lequel il se désarmerait absolument de lui-même.“

⁹⁰ J. Derrida, „Vofa gengur nú ljósum logum um heiminn: vofa Marx!“, bls. 82.

⁹¹ Björn Þorsteinsson, „Samhengið í hugsun Jaques Derrida“, *Heimspækivefurinn*.

⁹² T.d. bendir mannfræðingurinn David Graeber á að ofbeldi sé hugsanlega eina form mannglegra samskipta sem býður upp á möguleika samfélagslegra áhrifa án þess að krefast umræðu eða útskýringa, hvað þá ákvörðunartöku byggða á samhljóðan; *without being communicative*. „Dead zones of the imagination: On Violence, bureaucracy and interpretative labor“, bls. 116.

þar sem sú aðkallandi ákvörðun sem réttlætið krefst skapar ný lög, nýjar reglur, nýjan túlkunarramma og „óhreinast“, spillist af þessum lögum – verður lagalegt ofbeldi á ný. Jafnvel þó lögum væri ekki komið á myndi smitunin samt eiga sér stað þar sem ákvörðun er í raun ómöguleg.

Lögin eru þannig túlkunarramma sem allt ofbeldi viðburðar er túlkað út frá, eftir á. Þó er viðburðurinn í sjálfum sér og í ofbeldi sínu algjörlega ótúlkanlegur og óræður. Ofbeldi hans er læsilegur ólæsileiki vegna óákvarðanleika ákvörðunarinnar. Það framleiðir viðeigandi túlkunarlíkan til að hægt sé að lesa og veita ofbeldinu sjálfsmerkingu, nauðsyn og réttmæti þannig framleiðir ofbeldið í raun orðræðu sjálfsréttlætningar (fr. *auto-légitimation*) sinnar.⁹³

Guðdómlegt ofbeldi sem má kallast ráðandi (þ. *die waltende*) er dulrænn, apórískur upphafs- og endareitur allrar ákvörðunar. Derrida telur afturhvarf Benjamins til Guðs vera tilvitnun í ósmættanlega sérstöðu (fr. *singularité*) hvernar aðstöðu (fr. *situation*) fyrir sig. Guð og hið guðdómlega ofbeldi, hvort tveggja hafið yfir skynsemi og algildi, er hugsun um réttlæti án laga, réttlæti handan laga.⁹⁴ Í Guði verða völd, réttlæti, máttur og ofbeldi eitt.⁹⁵ Guð er sá eini sem getur kvittað fyrir réttlæti. Innsiglið er óákvarðanleg ákvörðun manneskjunnar. Ákvörðunin sem myndi skera úr um hvort guðdómlegt ofbeldi eigi í hlut eða ekki, hvort um réttlæti sé að ræða, er óaðgengileg manneskjinni.

Benjamin heldur í réttlæti með því að gera það óháð því sem á eftir að koma. Réttlæti birtist í ofbeldi sem tortímir og skapar „raunverulegt undantekningarástand“, ástand án laga eða reglna.⁹⁶ Í slíku undantekningarástandi, sé því fylgt út í ystu æsar rökfærslu sinnar, væru allir aðgerðalausir. Engin ákvörðun tekin. Kannski er það syndaflóðið án Nóa og Nömu – algjör tortíming. En Benjamin reynir að finna réttlætinu stað á meðal mannkyns, ekki í tortímingu þess, þar sem ofbeldið á sér stað á siðfræðilegu og pólitísku sviði, í samskiptum manna á milli, í samveru.

Færum okkur aftur á svið efnislegs raunveruleika; með báða fætur á jörðinni getum við sagt guðdómlegt ofbeldi vera tortímingu laga í því að viðeigandi yfirvöldum og túlkunarramma þeirra er hafnað. Lög, þegar þau eru í gildi, eru lestrarhefð (e. *norms of reading*) og þjóna þannig sem túlkun á ákvörðunum þeirra sem undir lögin eru sett.⁹⁷

⁹³ J. Derrida, *Force de loi*, bls. 90.

⁹⁴ Sama rit, bls. 121.

⁹⁵ Sama rit, bls. 134.

⁹⁶ W. Benjamin, „Um söguhugtakið“, bls. 30. (Grein VIII)

⁹⁷ J. Derrida, *Force de loi*, bls. 90.

Í undantekningarástandi, í hinu byltingarkennda allsherjarverkfalli er yfirvöldum og lestrarhefð þeirra neitað, hafnað og þeim tortímt. Þá er undantekningarástandið ástand þar sem myndast tómarúm laga, þar sem ekkert er ólöglegt. Eitt dæmi um slíkt ástand er í Sírylandi í dag, þar sem blóð streymir um göturnar en einnig deyja fullorðnir og börn án blóðsúthellinga, í algjörru tortímingu.⁹⁸ Gerir Benjamin ekkert til að koma í veg fyrir slíka túlkun á guðdómlegu ofbeldi?

Derrida spyr Benjamin slíkrar spurningar og neitar að skrifa undir guðdómlegt ofbeldi í þeirri mynd sem Benjamin skilur við það. Derrida heldur uppi nauðsyn þess að beita lögum, eða nauðsyn réttarins fyrir réttlæti, vegna réttarins til réttlætis. Ómögulega ákvörðun verður alltaf að taka, réttlætisins vegna. Apórískur óákvarðanleiki réttlætisins virðist bjóða siðferðislegri afstæðishyggju heim og þó segir Derrida svo ekki vera því réttlætið er (að)kallandi. Hvaðan kallar réttlætið og hver ber fram nafn þess?

Í þessari umfjöllun hefur hin/n (fr. *autrui, l'autre*) varla gert vart við sig, heldur beðið átekt, áminnandi, handan textans. Þegar grannt er skoðað sést glitta í hin(a)/n, sem má aldrei skilyrða og aldrei beita ofbeldi. Ég tel bæði Benjamin og Derrida finna óafmarkað bjarg í hinum/hinni. Þannig bjarga þeir, hvor fyrir sig og um leið saman, réttlætinu úr ógöngum, *aporíu*. Að Benjamin skuli nefna menntunarvald sem dæmi um guðdómlegt ofbeldi gefur strax vísbendingu um hvers vegna kjarnorkusprengrja eða efnavopnaárás telst ekki til guðdómlegs ofbeldis. Önnur vísbending er þegar hann ítrekar í umræðu um boðorðið „þú skalt ekki drepa“ að banvænu ofbeldi skuli ekki snúa gegn öðrum. Síðast en ekki síst talar hann um lausn á deilum án ofbeldis, lausn þar sem réttlæti er í fyrirrúmi og getur slíkt einungis átt sér stað á milli einstaklinga, á milli mín og þín, þú sem ert annar eða önnur en ég og munt aldrei verða ég eða mín/minn.⁹⁹

Derrida tekur í svipaðan streng þegar hann vitnar í Lévinas: „sambandið við hinn – það er að segja réttlætið“.¹⁰⁰ Tilvitnunin úr bókinni *Sauf le nom* (1993), sem fjallar um neikvæða guðfræði, sýnir mikilvægi hins í réttlætishugmynd Derrida:

Eins og það væri nauðsynlegt bæði að bjarga nafninu og bjarga öllu nema nafninu, *sauf le nom*, líkt og það væri nauðsynlegt að tapa nafninu til að bjarga því sem ber nafnið, eða því sem stefnt er að þvert í gegnum nafnið. En

⁹⁸ Ásgeir Tómasson, „Eiturefnaárás á bæ í Sírylandi – tugir látnir“, *RÚV*, 4. apríl 2017.

⁹⁹ Tekið frá Luce Irigaray: *Toi qui ne sera jamais moi, ni mien/ne*.

¹⁰⁰ „*La relation avec autrui – c'est-à-dire la justice*“, J. Derrida, *Force de loi*, bls. 48-49.

að tapa nafninu er ekki að ráðast á það, tortíma því eða særa það. Þvert á móti, að tapa nafninu er einfaldlega að virða það: sem nafn. Það er að segja, að bera það fram, sem kemur aftur að því að fara í gegnum það til móts við hinn, hinn sem það nefnir og sem ber nafnið. Að bera það fram án þess að bera það fram. Að gleyma því með því að ákalla það, með því að endurkalla það og endurminnast þess [*en (se) le rappelant*], það sem hverfur aftur til þess að ákalla eða endurkalla hinn, endurminnast hins . . . ¹⁰¹

Hér túlka ég nafnið sem réttlætið, því þegar öllu er á botnin hvolft er réttlætishugmynd Derrida ekki allsendis ólík neikvæðri guðfræði. Í tilvitnunni má einnig sjá mikilvægi hins, sem fara verður á móts við í gegnum nafnið, í gegnum réttlætið. Það er hinn sem réttlætið nefnir og sem ber réttlætið.

Fyrr í textanum sagði ég ákvörðun vera framkvæmandi, en með því er átt við að þegar sagt er: „ég segi að þetta sé satt“ („ég, yfirvaldið, segi að Eze Okafor sé ólöglegur innflytjandi,“ „ég, yfirvaldið, segi að róttækar aðgerðir Ragnheiðar Freyju og Jórunnar Eddu sé ólögmaett ofbeldi,“ „ég, Eze Okafor, segi að ég eigi rétt á að berjast fyrir lífi mínu,“ „við, Ragnheiður Freyja og Jórunn Edda, segjum að yfirvaldið segi ósatt, sé óréttlátt í aðgerðum sínum“) birtist ákvörðun, staðhæfing, sem (framkvæmdar)vald. *Lego*.

Með hugrekki Benjamins getum við ráðist í tortímingu á lögum sem hafa réttlæti að engu í því að virða hin(a)/n að vettugi, gera hin(a)/n að einberu lífi. En eitthvað annað kemur í staðinn fyrir það sem var tortímt; nýjum lögum eða reglum verður alltaf komið á, ofbeldi verður ávallt beitt. Sama hversu mikið við reynum að takmarka ofbeldi, hlýtur það að liggja lögum til grundvallar einhvers staðar í dulrænum kjarna þeirra yfirvalda sem koma þeim á. Það veitir þó ekki ástæðu til að láta deigan síga, réttlætið er enn aðkallandi. Þolinmæði Derrida kennir okkur að gefast ekki upp gagnvart þeirri staðreynd að réttlætið verður aldrei alveg komið, að kall þess, kall hins, er endalaust og að eina leiðin til að svara því er að setja nýjar reglur, nýjan rétt, ný lög, til þess eins að afbyggja þau aftur í umræðu, endurskoða þau og endurmeta, breyta, túlka, grannskoða.

¹⁰¹ J. Derrida, *Sauf le nom*, bls. 61.

Lokaorð

Það er ekki hægt að hafna byltingunni án þess að hafna um leið viðburðinum og réttlætinu.¹⁰²

[...] byltingarkennt ofbeldi er mögulegt [...] en það er nafnið á æðstu birtingu hreins ofbeldis, sannreynt í manneskjunni.¹⁰³

Ég hóf ritgerðina á umfjöllun um ofbeldi lögreglunnar, ofbeldi ríkisins gegn flóttamanni, gegn „ólöglegum“ innflytjanda. Ofbeldið sem felst í því að lýsa Eze Okafor sem *ólöglegum* er undirstaða og uppspretta þess líkamlega ofbeldis sem hann og konurnar tvær urðu fyrir. En þó líkamlega ofbeldið sé afleiðing, er upprunaleg ástæða þess að flestir fylgja lögum í nútíma samfélögum, hvort sem þau eru skrifuð eða óskrifuð, heimskuleg eða ekki, sú að á bak við þau stendur ávallt hótun um beitingu líkamlegs ofbeldis. Í nafni laganna var Eze dæmdur ólöglegur, hann var dæmdur til útskúfunar innan kerfisins, innlimaður í útskúfun. Um leið var hann smækkaður í einbert líf af íslenskum yfirvöldum, sem með úrskurði sínum gerðu hann sekan vegna tilveru sinnar. Yfirvöld sendu hann ekki einungis út í opinn dauðann, heldur veittu þau lögreglunni einnig heimild til að beita Eze eins miklu líkamlegu ofbeldi og þurfti til að koma honum úr landi.

Hvort sem réttlætið á eftir að koma eða er nú þegar hér án þess að við getum borið á það kennsl, kallar það eftir náinni skoðun á hvað felst í því að gera sum líf ólögleg. Yfirvöld dæma tilveru einhvers löglega. Þau dæma óháð gjörðum, hegðun og vali einstaklingsins, óháð frelsi hans og ábyrgð. Slíkur dómur er ákvörðun um útilokun hins og þar með höfnun á skilyrðislausri gestrisni. Hver þykist geta réttlætt hótun um ofbeldi, ofbeldið sjálft? Réttlætið kallar eftir náinni skoðun á þeim lögum sem lýsa sumum lífum yfir sem syrgjanlegum (e. *grievable*)¹⁰⁴ og öðrum ekki. Skoðun á lögum sem heimila beitingu ofbeldis gegn hinum/hinni til að tryggja eigin yfirráð.

Sumt vald er réttlátara en annað, þó það geti kannski aldrei kallast fullkomlega réttlátt. Andóf Ragnheiðar Freyju og Jórunnar Eddu var dæmi um borgaralega óhlýðni. Samkvæmt skilgreiningu Jacques Derrida og Walters Benjamin á ofbeldi teldist borgaraleg óhlýðni einnig til ofbeldis, vegna þess að í henni birtist vald. Þó er hluti af viðtekinni skilgreiningu á borgaralegri óhlýðni að hún feli ekki í sér ofbeldi.¹⁰⁵ Ofbeldi

¹⁰² J. Derrida, „Vofa gengur nú ljósum lögum um heiminn: vofa Marx!“, bls. 84.

¹⁰³ W. Benjamin, „Zur Kritik der Gewalt“, bls. 202.

¹⁰⁴ Hugtak tekið frá Judith Butler úr bókinni *Frames of War: When is Life Grievable?* (2009). Einnig fjallar Agamben um líf sem eru syrgð í bók sinni *Homo Sacer* (1995).

¹⁰⁵ Ólafur Páll Jónsson, „Í hverju felst borgaraleg óhlýðni?“, *Vísindavefurinn*, 21. janúar 2009.

borgaralegrar óhlýðni, vald þess, felur ekki í sér líkamlegt ofbeldi eða hótun um slíkt. Markmiðið með borgaralegri óhlýðni er að sýna fram á, gagnrýna og í besta falli leiða til lykta lagalegt ofbeldi yfirvalda, sem ávallt er reist á líkamlegu ofbeldi eða hótun um slíkt. Með því að beita sjálf ofbeldi myndu gerendur viðurkenna réttmæti ofbeldis og þar með grafa undan eigin málstað. Líkamlegt ofbeldi (eða hótun um slíkt) er vopn þeirra sem hafa hinn/hina að engu, þeirra sem neita að eiga í merkingarbærri samræðu við hinn/hina. Kannski stafar neitunin af vangetu til túlkunar og skilnings, kannski af leti, kannski af illsku, af öllu í senn eða einhverju allt öðru. Hvernig sem er þá er það hin(n) sem kallar eftir réttlæti, eftir ákvörðun sem einnig er útnefning og nafngift; ákvörðunin útnefnir líf sem syrgjanlegt og nefnir hin(n)/a sem eilífan möguleika réttlætis.

Þann 26. maí 2016, þegar Ragnheiður Freyja og Jórunn Edda stóðu upp í flugvél Ícelandair og báðu aðra farþega vélarinnar um að standa upp í samstöðu með Eze Okafor, átti sér stað viðburður. Í honum birtist vald sem ég kalla, í anda Benjamins, guðdómlegt og byltingarkennt. Borgarleg óhlýðni er byltingarkennt vald sem ræðst til atlögu með því að svipta hulunni af ofbeldi yfirvalda, kúgun þeirra og fordómum.¹⁰⁶ Andóf Ragnheiðar Eddu og Jórunnar Freyju var hugdjörf tilraun til afbyggingar á grimmd laganna, ofbeldi yfirvalda og lokuðum landamærum. En hver veit, kannski var ákvörðun mín tekin af of miklum ofsa, of miklum ákafa og vandamál réttlætisins þannig bælt niður á ný.¹⁰⁷

¹⁰⁶ Í meðförum á máli Eze og margra annarra flóttamanna má til að mynda greina grófa mynd rasisma.

¹⁰⁷ Þess má geta að Eze var aftur neitað um dvalarleyfi hér á landi í byrjun maí 2017. Hann hefur nú verið í felum í Svíþjóð í heilt ár, þar sem yfirvöld hafa fyrirskipað að flytja hann úr landi. Lagaleg réttindi hans eru engin.

Heimildaskrá

- Agamben, Giorgio. *Homo Sacer: Sovereign Power and Bare Life*. Þýðandi Daniel Heller-Roazen. Stanford: Stanford University Press, 1998.
- Agamben, Giorgio. „Við flóttamenn“. Björn Þorsteinsson þýddi. Vefritið *Nei* 23. febrúar 2009.
- Atli Már Gylfason, „Handteknar í flugvél: „Peir voru að leika sér að því að meiða mig“. *Stundin* 26. maí 2016. <http://stundin.is/frett/their-voru-ad-leika-ser-ad-thvi-ad-meida-mig/>. Sótt 03.04.17.
- Austin, John. *The Province of Jurisprudence Determined – and The Uses of the Study of Jurisprudence*. Ingianapolis: Hackett Publishing, 1998.
- Ásgeir Tómasson. „Eiturefnaárás á bæ í Sýrlandi – tugir látnir“. *RÚV*. 4. apríl 2017. <http://www.ruv.is/frett/eiturefnaaras-a-bae-i-syrlandi-tugir-latnir>. Sótt 3. maí 2017.
- Baliber, Étienne. „Reflections on Gewalt“. *Historical Materialism*. 17 (2009): 99-125.
- Benjamin, Walter. „Zur Kritik der Gewalt“. *Walter Benjamin: Gesammelte Schriften II-1*. Bls. 179-203. Frankfurt am Main: Suhrkamp Verlag: 1991.
- Benjamin, Walter. „Um söguhugtakið (Greinar um söguspeki)“. Þýðandi Guðsteinn Bjarnason. *Hugur* 17 (2005): 27-36.
- Biblían. Heilög ritning*. Reykjavík: Hið íslenska Biblíufélag, JPV útgáfa, 2007.
- Björn Þorsteinsson. *La question de la justice chez Jacques Derrida*. Paris: L’Harmattan, 2007.
- Björn Þorsteinsson. „Samhengið í hugsun Jacques Derrida“. *Heimspækiefurinn*. 8. nóvember 2004, https://heimspeki.hi.is/?page_id=532. Sótt 14. 04.17.
- Brodersen, Momme. *Walter Benjamin: A Biography*. Þýðendur M. Green og I. Ligers. London: Verso, 1997.
- Bulman, May. „Refugees beaten, abused and teargassed as they sleep by police in Calais, report warns“. *Independent*. 24. apríl 2017. <http://www.independent.co.uk/news/world/europe/refugees-calais-northern-france-police-brutality-daily-basis-unaccompanied-minors-children-a7696076.htm>. Sótt 04.05.17.
- Derrida, Jacques. *Force de loi. Le „Fondement mystique de l’autorité“*. Paris: Éditions Galilée, 1994.
- Derrida, Jacques. *Sauf le nom*. Paris: Éditions Galilée, 1993.
- Derrida, Jacques. „Vofa gengur nú ljósum logum um heiminn: vofa Marx!“ . Þýðendur Friðrik Rafnsson og Torfi H. Tulinius. *Tímarit Máls og menningar* 2 (1994): 73-103.
- Dirik, Dilar. „Feminist pacifism or passivism?“, *Open Democracy*, 7. mars 2017. <https://www.opendemocracy.net/5050/dilar-dirik/feminist-pacifism-or-passive-ism>. Sótt 10.04.17.
- Fontaine, Paul. „UTL Ignores Appeals Board, Depots Asylum Seeker Anyway.“ *Reykjavík Grapevine*. <https://grapevine.is/news/2016/05/25/utl-ignores-appeals-board-deports-asylum-seeker-anyway/> . Sótt 04.05.17.
- Graeber, David. „Dead Zones of the imagination: On violence, bureaucracy, and interpretive labor.“ *Journal of Ethnographic Theory* 2 (2012): 105-28.
- Graeber, David. *Fragments of an anarchist anthropology*. Chicago: Prickly Paradigm Press, 2004.

- Guðrún Kvaran. „Hver er upprunaleg merking orðsins ofbeldi og hvaða orðum er það skylt?“ *Vísindavefurinn*, 24. október 2000. <http://visindavefur.is/svar.php?id=1035>. Sótt 28.04.17.
- Heiða Vigdís Sigfúsdóttir, „Sérsvaitarmenn kallaðir út vegna friðsamlegra mótmæla“. *Stundin*. 4. maí 2017. <http://stundin.is/frett/sersveitamenn-kalladir-ut-vegna-fridsamlegra-motmaela/>. Sótt 06.05.17.
- Hjördís Björk Hákonardóttir. „Um náttúrurétt“. *Tímarit lögfræðinga* 45 (1995): 248-268.
- Hrafnkell Tjörvi Stefánsson. „Er anarkismi pólitísk stefna? Ef svo er, hvernig þá?“ *Vísindavefurinn*. 15. október 2002. <http://visindavefur.is/svar.php?id=2783>. Sótt 5.05.17.
- Irma Erlingsdóttir. „Ó-orðið milli bókmennta og heimspeki: Jacques Derrida, Hélène Cixous og „verðandi“ réttlæti“. *Ritið* 10 (2010): 55-72.
- Jón Bjarki Magnússon. „Hrópaði á Jesú á meðan hann var tekinn lögreglutaki“. *Stundin*. 26. maí 2016. <http://stundin.is/frett/eze-med-averka-efir-logreglu/>. Sótt 08.04.17.
- Ólafur Páll Jónsson. „Í hverju felst borgaraleg óhlýðni?“ *Vísindavefurinn*. 21. janúar 2009. <http://visindavefur.is/svar.php?id=26593>. Sótt 7. maí 2017.
- Róbert Jóhannsson. „Clinton hlaut nærri 3 milljónum fleiri atkvæði“. *RÚV*. 22. desember 2016. <http://www.ruv.is/frett/clinton-hlaut-naerri-3-milljonum-fleiri-atkvaedi>. Sótt 03.05.17.
- Skúli Magnússon og Hafsteinn Þór Hauksson. „Klassískur vildarréttur: Valdboðskenningin um lögin“. *Útljótur* 65 (2012): 191-209.
- Witte, Bernd. *Walter Benjamin: An Intellectual Biography*. Þýðandi: J. Rolleston. Detroit: Wayne State University Press, 1991.